



Aldrei að skafa! Með Webasto bílahitara



Þú hitar bílinn með fjarstýringu og þannig notið þæginda og öryggis

Webasto
Feel the Drive

Bílasmiðurinn hf. Bíldshöfða 16 - 110 Reykjavík - sími 5672330 - www.bilasmiðurinn.is - bilasmiðurinn@bilasmiðurinn.is

17. JANÚAR 2015 • 2. tölublað 6. árgangur

REYKJAVÍK

VIKUBLAÐ



Starfsmenn Reykjavíkurborgar hafa í vikunni blásið snjó af hluta Tjarnarinnar til að útbúa skautasvell. Borgarbúar vilja gjarnan taka fram skautana þegar tíðin hefur verið eins og þessa dagana og veðrið með besta móti, þrátt fyrir kuldan.

TENNIS

er skemmtileg hreyfing

- Nú er rétti tíminn til að panta fastan tíma í tennis.
- Eigum nokkra tíma lausa.
- Skemmtilegu byrjendanámskeiðin fyrir fullorðna eru að hefjast.

TENNISHÖLLIN
Kópavogi

Skráning og upplýsingar í síma 564 4030 eða á tennishollin.is

Almenn andstaða við frumvarp um afnám lágmarksútsvars:

Eiga Reykvíkingar að niðurgreiða skattalækkanir annarra?

Halldór Halldórsson, oddviti Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík, segir að verði lágmarksútsvar afnumið, þá verði sveitarfélög sem vilji lækka útsvar að gera það á eigin ábyrgð. Skattalækkun „verði ekki bætt af öðrum sveitarfélögum í gegnum jöfnunarkerfi þeirra.“

Sex þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafa lagt til að ákvæði laga um lágmarksútsvar verði afnumið. Afnám lágmarksútsvars er jafnframt bundið í stjórnarsáttmála ríkis-

stjórnar Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks.

Fjármálaskrifstofa Reykjavíkurborgar, bendir á það í umsögn til Alþingis, að Reykvíkingar greiði háar fjárhæðir í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. „Það verður að spyrja hvort eðlilegt er að sveitarfélög sem nýtur framlags frá öðrum sveitarfélögum í gegnum jöfnunarkerfið geti hlífst eigin íbúum við að taka þátt í sameiginlegum útgjöldum með mikilli lækkun útsvars,“ segir þar meðal annars.

Fjölmarginir hafa bent á hættu á að til verði skattaparadísir innanlands með tilheyrandi gervibúsetu, verði frumvarpið að lögum. Fjöldmörg sveitarfélög og Samband íslenskra sveitarfélaga leggjast alfarið gegn málinu.

„Frumvarpið boðar rof á þeirri sátt sem ríkt hefur um að íbúar fjármagni verkefni sveitarfélaganna í sameiningu,“ segir Sóley Tómasdóttir, forseti borgarstjórnar og borgarfulltrúi Vinstri grænna.

Sjá ítarlega umfjöllun á bls. 5

Ásgeir Helga

Öll múrvinna - fagmennska í fyrirrúmi

Flísalagnir	Flotun
Múrverk	Anhydrit-flagnir
Húsaviðgerðir	Perlu-flögn
Steining	Sand-flögn

Löggiltur meistari - sími 8972681 - asgeirhelga@simnet.is

hönnun • umbrot • auglýsingar • prentun

Nafnspjöld • Boðskort • Bæklingar • Bréfsfni

Litaljósritun • Ritgerðir • Plastkort • Prentun • Reikningar

Skýrslur • Fasteignaauglýsingar • Dreifibréf o.fl. o.fl.

FRUM ...góður punktur

Grensásvegur 12A • Sími 568 1000 • frum.is

DORMA

ÚTSALAN Í FULLUM GANGI

ALLA DAGA

CLASSIC SÓFI

CLASSIC HÆGINDASTÓLL

ÚTSÖLUVERÐ 119.920

VERÐ ÁÐUR 149.900

ÚTSÖLUVERÐ 79.920

VERÐ ÁÐUR 99.900

CLASSIC sófi

Stærð: 200x90 Hæð: 100 cm. Slitsterkt áklæði. Margir litir.

DORMA Holtagörðum, Reykjavík © 512 6800 Opíð: Virka daga 10⁰⁰-18⁰⁰, laugardaga 11⁰⁰-16⁰⁰ og sunnudaga 13⁰⁰-16⁰⁰



Reykjavíkurborg hefur stefnt Kópavogsbæ:

Borgin vill fá Bláfjöllin

Reykjavíkurborg hefur stefnt Kópavogsbæ og krefst lögsögu á ýmsum svæðum austur af þéttbýlinu. Krafa borgarinnar er sú að „allri þjóðlendu innan afréttar Seltjarnarneshrepps hins forna“ verði skipað innan staðarmarka borgarinnar. Innan þess svæðis sem borgin krefst lögsögu á eru Bláfjöll og einnig fjallið Vífilsfell sem Kópavogsbúar hafa raunar valið sem bæjarfjall sitt.

Stefnan var lögð fram skömmu fyrir jól.

Óbyggðanefnd úrskurðaði síðasta sumar að svæðið telldist þjóðlenda, en lögsaga skyldi vera hjá Kópavogsbæ.

Í stefnu Reykjavíkurborgar segir meðal annars að það „leiði af eðli máls“ að lögsaga á sé eðlilegt að stærsta sveitarfélagið á svæðinu fari með lögsögunum. Þá segir borgin að máli skipti, til dæmis varðandi Bláfjöllin, að Reykjavík hafi staðið undir 60-70 prósentum kostnaðar við rekstur skíðasvæðanna, en Kópavogur aðeins 15 prósent. Þá vegi vatnsverndarsjónarmið þungt og telur borgin brýnt að fá landið inn fyrir sín mörk „þar sem umrætt svæði er aðrennslissvæði Gvenda-brunna, höfuðvatnsbóls Reykjavíkinga.“

Sameining sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu:

„Sveitastelpa segir nei!“

Hugmyndir um sameiningu allra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu voru ræddar á fjölmennum borgarafundi á Kjarvalsstöðum í vikunni. Fram kom í máli Hjálmars Sveinssonar, formanns skipulagsráðs Reykjavíkur og formanns svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins, að ýmsir kostir gætu fylgt sameiningu. Nefndi hann meðal annars samstarf um samgöngur og skipulag. Einnig kæmi til álita svonefnd „metro“ leið sem farin hefði verið í Portland í Bandaríkjunum, en í slíku fyrirkomulagi séu sveitarfélög sameinuð í ákveðnum verkefnum, en séu sjálfstæð um margt. Sú sameining þætti hafa heppnast vel. Einnig væru dæmi um misheppnaðar sameiningar erlendis.

Bryndís Haraldsdóttir, bæjarfulltrúi í Mosfellsbæ og stjórnarformaður byggðasamlagsins Strætó, sem sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu reka í sameiningu, taldi hins vegar að alls ekki ætti að sameina sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu. „Sveitastelpa segir nei!“ sagði hún í framsögu sinni á fundinum. Hún fengi ekki séð að stærri sveitarfélögin væru endilega betur rekin en hin minni og þá væri ánægja íbúa jafnvel meiri í þeim minni.

Svandís Svavarsdóttir, þingmaður Vinstri grænna og fyrrverandi ráðherra skipulagsmála og fyrrum formaður skipulagsráðs Reykjavíkur, ræddi um sameiningar almennt, og

nefndi meðal annars lýðræðismál og fjarlægð íbúa frá kjörnum fulltrúum. Hún sagði það vera forgangsverki að jafna atkvæðisrétt á landinu.

Hrafnkell Proppé hjá Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, taldi ólíklegt að sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu myndu sameinast í eitt, enda þótt því gætu fylgt kostir.

Sameingar hafa ekki mikið verið ræddar í þessum landshluta undanfarin misseri. Hugmyndir hafa komið fram í Kópavogi um að íbúar fái að kjósa um hvort bærinn fari í viðræður um sameiningu til suðurs. Það hefur ekki náð fram að ganga. Nýlega voru Garðabær og Álftanes sameinuð og áður Kjalarnes og Reykjavík.

10 milljónir í „rakrastofuráðstefnu“

Áætlað er að kostnaður Íslands við svonefnda „rakrastofuráðstefnu“ Gunnars Braga Sveinssonar, utanríkisráðherra, muni nema á bilinu 8-10 milljónir króna. Þetta kemur fram í svari frá utanríkisráðuneytinu við fyrirspurn Reykjavíkur vikublaðs.

Gunnar Bragi tilkynnti um það í ræðu á Allsherjafingi Sameinuðu

þjóðanna í október, að um miðjan þennan mánuð yrði haldin í New York. Ísland og Súrínam hefðu forgöngu um ráðstefnuna, en þar gætu karlar komið saman til að ræða kynjajafnrétti og „framlag karla til að bæta stöðu kvenna í heiminum“. Ráðstefnan var haldin nú í vikunni og þótti takast prýðilega ef marka má umfjöllun í fjölmiðlum.



Tjáningarfrelsi mikið í umræðunni:

Þrjú málþing

Blásið hefur verið til þriggja málþinga hér á landi um tjáningarfrelsið, í kjölfar ógnarverkanna á ritstjórnarskrifstofum franska skoptímaritsins Charlie Hedbo. Í gær var í Háskóla Íslands rætt um „Framtíð skops í fjölmenningsamfélagi: Langtíma-áhrif morðanna á ritstjórn Charlie Hedbo“.

Í dag verður haldið málþing í Iðnó, um stöðu múslima, málþing, trúfrelsi og þá hættu sem öfgafólk getur skapað í samfélaginu, með þátttöku fólks úr ýmsum áttum, en frummælendur eru átta talsins. Málþingið hefst klukkan 13.

Þá stendur Fjölmíðlanefnd ásamt Siðfræðistofnun Háskóla Íslands, fyrir málþingi í hádeginu á þriðjudag. Yfirskriftin er: „Er penninn

máttugri en sverðið?“ Spurt verður hverjar hafi verið mögulegar ástæður voðaverkanna á ritstjórnarskrifstofum Charlie Hedbo, af hverju myndbirtingabann sé í íslam, hvaða áhrif voðaverkin geti haft á tjáningarfrelsi okkar og önnur mannréttindi og hvort tjáningarfrelsið sé aðeins mikilvægt á tyllidögum?

Fundurinn hefst klukkan 11: 50 og er haldinn í stofu 101 í Odda í Háskóla Íslands.

Fjallað er um tjáningarfrelsi og hömlur á því hér á landi, í ítarlegri grein hér í blaðinu. Þar er meðal annars bent á að Íslendingar (eins og margir aðrir) undirgangast fjölmargar hindranir á tjáningarfrelsi í daglegu lífi, en jafnframt að um margt ríkir almenn samfélagsleg sátt.

Sjá bls. 12-13.

Kærunefnd fjallar um samning Sorpu:

Hvíslað í eyra dómarans

Dofri Hermannsson, talsmaður Metanorku, gagnrýnir að byggðasamlagið Sorpa vilji ekki birta gögn í kærumáli vegna útboðs.

Sorpa hefur viljað semja við danskt fyrirtæki um gas- og jarðgerðarstöð, svonefnda Aikan lausn. Þetta á að kosta um þrjú milljarða króna. Verkið var ekki boðið út. Þetta var kært og ákvað kærunefnd útboðsmála að stöðva samning Sorpu við Aikan meðan málið er til efnislegrar með-

ferðar. Greint var frá því hér í blaðinu fyrir jól.

Dofri segir í samtali við blaðið að Sorpa hafi sent kærunefndinni greinargerð. Mentanorka eigi svo einnig að gera athugasemdir við þetta áður en málið verður tekið til efnislegrar meðferðar. „Gallinn er sá að inni í rökstuðningi Sorpu eru nokkur skjöl sem Sorpa hefur krafist að verði ekki afhent okkur þar sem þau séu trúnaðargögn,“ segir Dofri. „Hluti af leyniskjalapakkanum er skýrsla sem

Sorpa fékk [verkfræðistofuna] Mannvit til að gera í fyrravor en í henni skilst mér að sé að finna rökstuðninginn fyrir því að Aikan sé eina lausnin í heiminum sem gengur upp fyrir Ísland og að sú lausn sem við bjóðum sé bæði of dýr og tæknilega ómöguleg. Allt þetta tel ég auðvelt að hrekja en til þess þarf maður eiginlega að fá að sjá gögnin,“ bætir hann við. „Það er skrytinn staða að þurfa að flytja mál sitt gegn einhverjum sem fær bara að svara með því að hvísla í eyra dómarans.“



Inspírerandi leikhúsvinna

Mér finnst gaman að blanda því saman að vinna ein og með öðrum. Eftir að hafa setið ein og skrifað vikum saman er alltaf ómetanleg innspýting þegar aðrir koma að borðinu. Þess vegna er leikhúsvinna svo inspírerandi og gjöful,“ segir Salka Guðmundsdóttir leikskáld og þýðandi í viðtali við Reykjavík vikublað. Hún rekur leikhópinn Soðið síð ásamt öðrum og hefur hópurinn meðal annars sett upp barnaleikritið Hættuför í Hulíðsdal, eftir Sölku en verkið er sýnt nú um helgina. Sjá bls. 6

Mannekla við krabbameinsleit:

Enginn mannskapur á lausu

Hjá okkur er enginn mannskapur til að takast á við þetta eins og staðan er í dag. Það verður því úrlausnarefni að fá fólk til að vinna þetta, líkt og reyndar með flest störf inni á spítalanum, „segir Pétur Hannesson

yfirlæknir á röntgendeild Landspítalans í samtali við Reykjavík vikublað. Krabbameinsfélagið hefur biðlað til röntgenlækna við Landspítalanum um aðstoð við krabbameinsleit í brjóstum, vegna manneklu. Sjá bls. 14.

STÓRÚTSALA



VETRÁYFIRHAFNIR
Í ÚRVALI

KÁPUR - DÚNÚLPUR - LEÐURJAKKAR
GERRY WEBER - BETY BARCLAY

VANDAÐUR DÖMUFATNAÐUR

40%-50%
afsláttur

Skotið
laxdal.is
Yfirhafnir

BERNHARD
LAXDAL
Laugavegi 63 • S: 551 4422



Vertu vinur á
Facebook



Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri og Sigríður Björk Guðjónsdóttir, lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins undirrituðu í vikunni samstarfssamning um átak gegn ofbeldi. Markmið samstarfsins er meðal annars að bæta verklag til að taka á heimilisofbeldi, aðstoða bæði þolendur og gerendur og bæta stöðu barna sem búa við heimilisofbeldi.

Er kominn tími til að gera eitthvað?

Námskeið í janúar og febrúar

Hringsjá býður úrval af öðruvísi og spennandi námskeiðum sem hafa hjálpað mörgum að komast aftur eða í fyrsta sinn af stað til meiri virkni, meiri lífsgæða og fleiri valkosta í námi eða starfi.

Námskeið Hringsjár standa alveg sjálfstæð sem endurhæfingarúrræði, en góð ástundun á námskeiðunum er ein forsenda þess að lengri tíma úrræði standi til boða.

Einn af þeim mörgum sem hafa nýtt sér endurhæfingu hjá Hringsjá er Kristján Jónsson. Hann sótti námskeið hjá Hringsjá og útskrifaðist vorið 2014. Honum hafði verið bent á sem endurhæfingarúrræði að fara á tölvunámskeið hjá Hringsjá.

Í viðtali í Fréttatímanum sagði hann, „Mér fannst svo gaman að ég fór í kjölfarið á minnisnámskeið þar. Eftir þessi tvö námskeið var ég farinn að átta mig á að ég gæti alveg verið í skóla. Það hafði lengi verið draumur en mér fannst ég ekki eiga heima þar. Ég sá að ég gat alveg lært. Þetta er eitt það skemmtilegasta verkefni sem ég hef tekið mér fyrir hendur. Maður kemur syngjandi þaðan út.“

Eftir námskeiðin fór Kristján í 3ja anna náms- og starfsendurhæfingu hjá Hringsjá. Samhliða endurhæfingu var Kristján í Tækni-skólanum og hefur nú lokið sveinsprófi í málaraíðn.



20.1-
17.2

TÁT - Tök á tilverunni

Bjargráð og færni í að takast betur á við daglegt líf og hindranir sem upp koma.

24.2-
26.3

Fjölskyldan og ég

Með aukinni þekkingu tileinka þátttakendur sér leiðir til að verða betri fjölskyldumeðlimir, makar og uppalendur.

20.1-
17.2

ÚFF - Úr frestun í framkvæmd

Farið yfir ástæður frestunar, einkenni og afleiðingar. Fyrir þá sem vilja hætta að fresta og fara að ná árangri í lífinu.

24.2-
26.3

Í Fókus - Að ná fram því besta með ADHD

Eykur skilning á ADHD (athyglisbresti/ofvirkni) og hvernig hægt er að ná betri tókum á ADHD.

24.2-
26.3

Minnistækni

Kennd er tækni til þess að efla og bæta minnið. Hentar þeim sem eiga við gleymsku eða skert minni að stríða.

20.1-
17.2

Tölvur 1

Námskeiðið er ætlað byrjendum sem vilja fá góðan grunn í tölvunotkun til að geta nýtt tölvuna sér til gagns og gamans.

24.2-
26.3

Tölvur 2

Námskeiðið er ætlað þeim sem hafa notað tölvu í einhvern tíma en vilja ná betri tókum á algengum vinnuforritum.



Hringsjá

Náms- og starfsendurhæfing

**Upplýsingar og skráning
í síma 510 9380 eða
á staðnum að Hátúni 10d.**

Heimasíða: www.hringsja.is
Netfang: hringsja@hringsja.is
Facebook: facebook.com/hringsja

Engin þörf fyrir afnám lágmarksútsvars

Reykjavíkurborg, Samband íslenskra sveitarfélaga, fjölmörg sveitarfélög úti á landi og borgarfulltrúar í Reykjavík leggja alfarið gegn frumvarpi sex þingmanna Sjálfstæðisflokksins um að afnema lágmarksútsvar. Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins styðja málið eða vilja gera á því grundvallarbreytingar.

Útsvarið er einn megin tekjustofn sveitarfélaga sem gerir þeim kleift að standa undir lögbundinni þjónustu. Lögum samkvæmt má útsvarið verða hæst 14,52 prósent, eins og í Reykjavík og 56 sveitarfélögum öðrum, en lægst 12,44 prósent. Á Seltjarnarnesi er prósentan 13,7 prósent. Aðrar tekjur sveitarfélaga eru fasteignaskattar, þjónustugjöld og framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Markmið ríkisstjórnarinnar

Frumvarpið um afnám lágmarksútsvarsins er lagt fram af Unni Brá Konráðsdóttur, Ragnheiði Ríkhardsdóttur, Guðlaugi Þór Þórðarsyni, Péttri H. Blöndal, Vilhjálmi Bjarnasyni og Vilhjálmi Árnasyni. Guðlaugur Þór og Pétur eru þingmenn Reykjavíkur.

Frumvarpið er stutt og skorinort. Lagt er til að orðin „og eigi lægra en 12,44%“ verði felld brott úr lögum um tekjustofna sveitarfélaga og að þessi lög öðlist þegar gildi. Frumvarpið hefur farið í gegnum eina umræðu á Alþingi og er til umfjöllunar í umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis. Í greinargerð með frumvarpinu er meðal annars vísað í sjálfsákvörðunarrétt sveitarfélaga.

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins, er ákvæði þess efnis að lágmarksútsvar verði aflagt. Þar segir: „Á kjörtímabilinu verður tryggingagjald lækkað, lágmarksútsvar afnumið og tekjuskattkerfið tekið til endurskoðunar. Neysluskattar verða jafnaðir og einfaldaðir og vörugjöld endurskoðuð.“ Frumvarp um afnám lágmarksútsvars er ekki að finna á þingmálaskrá ríkisstjórnarinnar fyrir veturinn.

Gegn réttlætiskennd Íslendinga

Sveitarfélögin virðast hins vegar almennt vera lítið hrifin af þessu framtaki, ef marka má fjölmargar umsagnir um málið.

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps bendir t.d. á að til gætu orðið skattaparadísir og bætir við: „Slíkt geti orðið til þess að t.d. fámenn sveitarfélög sem bjóða upp á litla uppbyggingu eða þjónustu en eru háð nágrannasveitarfélögum um slíkt geti samt boðið íbúum sínum skattafríðindi sem önnur sveitarfélög geti engan veginn keppt við. Sveitarstjórn telur að slíkar skattaparadísir gangi gegn réttlætiskennd Íslendinga.“

Gervibúseta

Samband íslenskra sveitarfélaga segir í sinni umsögn að mál af þessu tagi þarfnist miklu meiri umfjöllunar og umræðu en greinargerðin gefi til kynna. Málið snúist efnislega um það hvort ákveðinn hópur launafólks á Íslandi hafi „möguleika á að sleppa að miklu eða öllu leyti við að greiða útsvar af launatekjum sínum þegar það tekur ákvörðun um að velja sér búsetu.“

Þetta gæti búið til „íslenskar skattaparadísir“ og tilheyrandi „gervibúsetu“ með ófyrirsjáanlegum afleiðingum. „Íbúar þessara sveitar-

félaga myndu því sleppa að miklu eða öllu leyti við að greiða útsvar af launatekjum sínum óháð upphæð launa,“ segir í umfjöllun um málið á vef sambands íslenskra sveitarfélaga. Slíkt ójafnfræði meðal sveitarfélaga myndi tvímælalaust hafa mikil áhrif á samvinnu sveitarfélaga að ýmsum héraðsbundnum hagsmunamálum, segir Sambandið einnig og leggst „eindregið gegn þeirri breytingu sem lögð er til í frumvarpinu.“

Reykvikingar borga

Fjármálaskrifstofa Reykjavíkurborgar sendi Alþingi umsögn um málið fyrir júl. Þar er bent á að Reykvikingar greiða mikið inn í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, sem áður var nefndur, en hann er notaður til að bæta litlum sveitarfélögum dræmar útsvarstekjur. Að auki, segir fjármálaskrifstofan, greiði Reykvikingar sérstakt útsvar, 0,77 prósent, sem rennur líka í Jöfnunarsjóð til að styðja við rekstur grunnskóla í öðrum sveitarfélögum, ekki síst vegna skóla í dreifbýli. Bent er á að sum minni sveitarfélög úti á landi fái meira en helming tekna sinna úr jöfnunarsjóðnum. Því spyr fjármálaskrifstofan hvort til standi að afnema þetta jöfnunarkerfi. „Það að afnema lágmarksútsvar þýðir að sveitarfélag sem fær jafnvel um helming skatttekna sinna frá íbúum annarra sveitarfélaga getur lagt á lægri skatta en



Sóley.



Heiða.



Halldór.



Áslaug.



Halldór.

þau sveitarfélög sem standa undir hluta af útgjöldum viðkomandi sveitarsjóðs. Það verður að spyrja hvort eðlilegt er að sveitarfélög sem nýtur framlags frá öðrum sveitarfélögum í gegnum jöfnunarkerfið geti hlíf eigin íbúum við að taka þátt í sameiginlegum útgjöldum með mikilli lækkun útsvars.“

Viðhorf borgarfulltrúa

Reykjavík vikublað sendi borgarfulltrúum allra flokka fyrirspurn um viðhorf þeirra til frumvarpsins. Þegar blaðið fór í prentun höfðu borist svör frá fulltrúum allra flokka nema Bjartri framtíð og Framsóknarflokknum.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins eru sammála efnislega frumvarpsins, en vilja líka afnema hámarksútsvar, en fulltrúar Vinstri grænna, Samfylkingar og Pírata styðja ekki þetta þingmál.

Jöfn tækifæri

Heiða Björg Hilmisdóttir, Samfylkingu, segist vera andvíg frumvarpinu í svari sínu. Mikilvægt sé að sveitarfélögin veiti nærþjónustu og allir leggi sitt af mörkum til þess. „Ef sveitarfélög gætu verið með lægra útsvar og minni þjónustu þá skapar það ójöfnuð meðal sveitarfélaga og þar með landsmanna.“

Sveitarfélög sem vilja lækka álögur á bæjarbúa geta gert það með því að lækka gjaldskrár sínar, helst þannig að það gagnist þeim sem hafa lægri tekjur, hafa börn á framfæri og svo framvegis og jafni þar með stöðu fólks innan samfélagsins. Samfélög sem tryggja jöfn tækifæri fólks búa við meiri hagsæld en samfélög ójöfnuðar, það að vinna að jöfnuði er því ábyrgasta leiðin til að reka gott samfélag fyrir okkur öll,“ segir Heiða Björg.

Hærra útsvar?

Halldór Auðar Svansson, Pírati, bendir á að sveitarfélögin veiti ýmsa þjónustu sem sé bundin í lög. „Og á meðan svo er finnst mér ekkert að því að binda samhliða því þennan megintekjustofn þeirra í lög. Ef út í það er farið finnst mér skoðandi að sveitarfélög taki hærra útsvar (á móti lækkuðum tekjuskatti ríkissins) til að fjármagna þau lögbundnu verkefni sem færst hafa á þeirra hendur og fyrirséð er að þau taki að sér á næstu árum.“

Gerbreytt hugmyndafræði

„Frumvarp um afnám lágmarksútsvars endurspeglar gerbreytta hugmyndafræði, þar sem gert er ráð fyrir

möguleikanum á að ekkert útsvar verði innheimt,“ segir Sóley Tómasdóttir, borgarfulltrúi Vinstri grænna. „Frumvarpið boðar rof á þeirri sátt sem ríkt hefur um að íbúar fjármagni verkefni sveitarfélaganna í sameiningu og kynnir til leiks hugmyndafræði um sveitarfélög sem fyrirtæki sem bjóði varning á hagstæðum kjörum. Það væri mikil afturför og því óskandi að Alþingi hafni frumvarpinu.“

Sóley segir að sú skilgreining á „frelsi“ sem finna megi í frumvarpinu sé „þröng og tækifærissinnuð. Hún þjóni markmiðum frjálslyggju um lægri skatta, án þess að afleiðingar fyrir samfélagið hafi verið kannaðar til hlítar. Lögbundnar skyldur sveitarfélaga séu margar og flóknaar og auk þess sinni sveitarfélögin fjölmörgum ölögbundnum verkefnum sem ekki séu síður mikilvæg.“

Sjálfstæðismenn fylgjandi

Áslaug María Friðriksdóttir, Sjálfstæðisflokkur, segist vera sammála frumvarpinu. „Mikilvægt er að hvetja sveitarfélög til þess að reka þjónustu með sem hagkvæmustum hætti, sinna nýsköpun og vinna að umbótum til að veita íbúum góða þjónustu. Nauðsynlegt er að hafa aðhald í rekstrinum og lækka óþarfa skatta og álögur á íbúa.“

Halldór Halldórsson, oddviti Sjálfstæðismanna í borgarstjórn og formaður Sambands sveitarfélaganna, bendir á að þegar umsögn fjármálaskrifstofu borgarinnar var tekin fyrir í borgarráði, hafi sjálfstæðismenn bókað að kjörnir fulltrúar ættu að taka ákvörðun um skattlagningu í sínu sveitarfélagi. Þetta eigi bæði við um lágmark og hámark.

„Vegna þess að það á að vera hlutverk kjörinna fulltrúa hvers sveitarfélags að taka ákvörðun um rekstur þess. Ekki á að setja mörk á hámark og lágmark í tekjustofnum heldur eiga íbúarnir að geta kosið á milli ólíkra hugmynda frambjóðenda um það hvernig þeir ætla að standa að þessum málum. Þá geta vinstri sinnaðir kjósendur valið sinn uppáhaldsframbjóðanda sem lofar skattahækkunum og stendur við það (annars kjósa þeir hann ekki aftur) og hægri sinnaðir sinn uppáhaldsframbjóðanda sem lofar skattalækkunum og stendur við það (annars kjósa þeir hann ekki aftur),“ segir Halldór í skriflegu svari til Reykjavíkur vikublaðs.

Á eigin ábyrgð

Hann bætir því við og leggur áherslu á að til þess að þetta sé gerlegt, þá verði kerfið að vera þannig „þegar sveitarfélög taka ákvörðun um breytingar á útsvarsálagningu til lækkunar sé það á þeirra eigin ábyrgð en verði ekki bætt af öðrum sveitarfélögum í gegnum jöfnunarkerfi þeirra.“

Halldór er jafnframt formaður Samtaka sveitarfélaga, sem leggja alfarið gegn frumvarpinu. Halldór bendir raunar á það í svari sínu og segir: „Það kemur af og til fyrir að við séum ekki öll alveg sammála.“



Snjómokstur er dæmi um verkefni í höndum sveitarfélaganna. Snjóþungt hefur verið þennan veturinn með tilheyrandi kostnaði.



Grunnskólarnir og önnur framlög til fræðslumála eru stærstu verkefni sveitarfélaganna. Stór sveitarfélög á borð við Reykjavík niðurgreiða rekstur skóla í smáum sveitarfélögum úti á landi.

MENNINGIN

Kikk þegar sýningin er tilbúin

Hildur
Björgvinsdóttir



„Mér finnst gaman að blanda því saman að vinna ein og með öðrum. Eftir að hafa setið ein og skrifað vikum saman er alltaf ómetanleg innspýting þegar aðrir koma að borðinu. Þess vegna er leikhúsvinna svo inspirerandi og gjöf; að heill hópur vinni saman og búi til eitthvað úr hugmyndum og hæfileikum af ólíkum toga. Ég rek sjálfstæðan leikhóp, Soðið svið, ásamt Aðalbjörgu vinkonu minni Árnadóttur og það er þess háttar vinna sem ég hef fengið mest út úr - frumsköpun með hæfileikafólki“ segir Salka Guðmundsdóttir leikskáld og þýðandi.

Féll fyrir Skotlandi

Á morgun verður sýnd síðasta sýning barnaleikrits hennar „Hættuför í Huliðsdal“ sem sýnt hefur verið í Þjóðleikshúsinu undanfarið við góðan orðstír en verkið var frumsýnt haustið 2013. Leikritið segir frá ævintýri stúlkunnar Eyju sem leiðist inn í töfraheim þar sem hún hittir ýmsar kynjaverur.

Salka stundaði BA- nám í leiklistarfræðum við Aberystwyth-háskóla í Wales en þaðan lá leiðin til Glasgow þar sem hún lauk meistaraþráðu í skapandi skrifum, losaði við ritstífluna og féll endanlega fyrir Skotlandi að eigin sögn. Hún lét ekki þar við sitja heldur hélt námi áfram eftir að heim var komið og lauk meistaraþráðu í þýðingarfræðum frá Háskóla Íslands.

Kikk að frumsýna

Salka segir það alltaf spennandi að sjá eigin leikverk sett á svið en auk fyrrnefndrar sýningar skrifaði hún einnig Súldarsker sem sett var upp í Tjarnarbiói árið 2011. Verkið var afar vinslæt og varð að hætta sýningum fyrir fullu húsi. „Í hverri einustu frumsýningaviku hugsar maður: „Hvað er ég að gera sjálfri mér? Af hverju fæ ég mér ekki bara vinnu á skrifstofu?“ en um leið og sýningin sjálf byrjar veit maður að þetta verður endurtekið, að þetta er ekki síðasta skiptið því kvölin og pínan vega svo miklu léttar en kikkið sem kemur þegar sýningin er tilbúin. Mér finnst alltaf alveg magnað að fólk skuli nenna að fara upp á svið og vinna með eitthvert rugl úr hausnum á mér, en ég kann alltaf jafn vel að meta það.“



Salka Guðmundsdóttir.

Þýðingarvinnan spennandi spæjaraleikur

Þessa dagana vinnur Salka að tveimur þýðingarverefnum ásamt því að undirbúa næstu verkefni í leikhúsinu með hópi listafólks. Þýðingarvinnunni líkir hún við spennandi spæjaraleik en segir hana líka geta verið ákveðið listform sem útheimti mikla þolinmæði og áhuga á tungumálum, stílbrögðum og tjáningu. Sér þætti erfitt að vinna við þýðingar árið um kring því tímarammi þýðenda sé yfirleitt naumari en þeir kysu sjálfir og því sé vinnan oft dálítið spretthlaup. „En ég hef samt virkilega gaman af þessari vinnu svona oftast nær.“

Markaðurinn sniðinn að launafólki

Aðspurð hvernig gangi að starfa sem sjálfstæður verktaki og hvort hún nái að lifa af tekjunum segir Salka víða pott brottinn í starfsumhverfi verktaka á Íslandi og réttindi þeirra sem starfa í menningargeiranum séu skammarlega lítil. „Maður finnur sífellt meira fyrir því hvað það er erfitt að vera í lausu lofti með kaup og kjör, og allt umhverfi á vinnumarkaði hérlendis virðist sniðið að launafólki, sem og t.d. íbúðalánakerfið þar sem sjálfstætt starfandi fólk virðist ekki passa inn í litla, þrönga kassann. Það er ótrúlegur fjöldi fólks í kringum mig sem hefur sprungið á fjárhagslega limminu síðustu misserin og söðlað um, farið í „eitthvað praktískara“. Þetta er svolítið sérstök tilvera, að vera kannski með milljón í tekjur einn mánuðinn en svo tekjulaus næstu þrjá, fá kannski fjögur atvinnutilboð í janúar og svo ekkert fram í maí. Ég hef engu að síður verið



„Í hverri einustu frumsýningaviku hugsar maður: Hvað er ég að gera sjálfri mér? Af hverju fæ ég mér ekki bara vinnu á skrifstofu?“ spyr Salka Guðmundsdóttir, leikskáld og þýðandi, höfundur sýningarinnar Hættuför í Huliðsdal.

afar heppin með verkefni, unnið að öllu leyti sjálfstætt síðasta áratuginn og getað lifað á því.“

Umræða byggð á vanþekkingu

Nýlega fékk Salka úthlutað listamannalaunum sem hún segir skipta miklu máli fyrir vinnu sína. Fékk hún úthlutað fyrir tvö mismunandi verkefni sem hún mun vinna með tveimur hópum, annarsvegar Sokkabandinu og hinsvegar Díó. Bæði Súldarsker og Hættuför í Huliðsdal hafi verið unnin að miklu leyti á listamannalaunum og fullyrðir hún að þau hefðu aldrei orðið að veruleika ef styrksins hefði ekki notið við, hún og samstarfsfólk hennar hefðu ekki getað unnið verkefnið kauplaust.

Salka segir sér finnst umræðan sem skapast um listamannalaunin ár

hvert, um að leggja þau niður í þeirri mynd sem þau eru, vera kjánaleg og byggða á vanþekkingu. „Nú síðast kom einhver íhaldssnillingurinn fram á sjónarsviðið og sagðist vilja leggja listamannalaunin niður og gera þau að samkeppnissjóði. Nú vill svo til að listamannalaun eru einmitt samkeppnissjóðir listgreina sem Rannís heldur utan um, rétt eins og styrkir til vísinda- og tæknistarfs. Mín reynsla er sú að fólk sem tuðar yfir þessum krónum - sem mættu sannlega vera fleiri og fara víðar - hefur yfirleitt ekki minnstu hugmynd um hvernig þessir sjóðir eru uppbyggðir heldur hangir bara á gömlum klisjum og einhverri vandræðalega galinni hugmynd um að list sé fyrir aumingja og eigi að standa undir sér fjárhagslega. Ég hef enga þolinmæði fyrir þessum skoðunum.“



Mynd: Hulda Sif Ásmundsdóttir.

Ekki missa af ...

...Skiptimarkaði á Loft hosteli (Swap 'til you drop). Fimmtudaginn 22.janúar kl.16-19 geta allir sem vilja mætt á Loft hostel í Bankastræti með föt, bækur eða annað sem ekki er lengur í notkun og skipt því út fyrir eitthvað annað sem þá langar í. Góð leið til að endurnýja fataskápinn, ókeypis.

...Hnotubrjótnum. 17. og 18. janúar kl.20 býður Bíó Paradís upp á sýningu á Hnotubrjótnum í uppsetningu

Bolshoi ballettsins í Moskvu. Sýningin er mikið ævintýri þar sem takast á góð og ill öfl. Tónlistin eftir Tsjaikovskj. ...Sýningu Heiðrúnar Þorgeirsdóttur. Á morgun kl.14 opnar í Boganum, Gerðubergi, sýning á olíuverkum Heiðrúnar Þorgeirsdóttur en hún malar fugla, figúrur og furðuverur. Einnig verða sýnd ný abstraktverk unnin með bleki.

...Yfirlitsýningu Einars Hákonarsonar sem verður opnuð á Kjarvalsstöðum í dag. Þetta er fyrsta sýning hans í tvo áratugi, en þetta er yfirlitsýning frá 50 ára ferli.



Hleypur þú 6 maraþon á ári?

...nei líklegast ekki - en þú gætir brennt jafnmörgum hitaeningum með því að nýta þér hæðarstillanlegu skrifborðin frá InnX innréttingum.*



*Rannsóknir hafa sýnt að með því að standa í um 15 mínútur per klst. yfir vinnudaginn þá brennir meðalmanneskja um 20.160 hitaeningum á ári! Nú bjóða InnX innréttingar athyglisverða nýjung sem kallast „LINAK heilsurofinn“. Þessi einfaldi fylgihlutur skráir

hversu margar mínútur skrifborðið er í hárrí stöðu og umreiknar það síðan yfir í hitaeningabrennslu. Þá er líka hægt að stilla rofann til að minna mann á hvenær tímabært er að hækka eða lækka skrifborðið og skipta um vinnustellingu.

Hæðarstillanlegt skrifborð

Verð frá kr. 124.302

Möppuskápur

Verð frá kr. 120.533

Hugsaðu um heilsuna - það borgar sig

INN X
Innréttingar

Fosshálsi 1 • 110 Reykjavík • Sími 577 1170
Fax 577 1172 • www.innx.is • innx@innx.is





Bókkaðu

daginn

Dagskrárrit Borgarbókasafns Reykjavíkur,
gefið út annan hvern mánuð og liggur
frammi á bókasöfnum og víðar

Ábyrgðarmaður: Guðrún Dís Jónatansdóttir
Ritstjóri: Stella Soffía Jóhannesdóttir
Netfang: bokadu.daginn@reykjavik.is

1. tölublað 17. janúar 2015



STUND MILLI STRÍÐA

Málverkasýning Vilbergsdætra í Gerðubergi

Systurnar Sara og Svanhildur Vilbergsdætur eru listmálarar sem vinna verk sín saman frá hugmynd að fullkláruðu verki. Sýning á nýjustu verkum þeirra undir yfirskriftinni **Stund milli stríða** opnar í Gerðubergi laugardaginn 24. janúar kl. 15 og stendur til loka marsmánaðar.

Sara og Svanhildur eru fæddar á Ísafirði 1956 og 1964 og útskrifaðar úr Myndlista- og handiðaskóla Íslands 1985 og 1994. Þær hafa lengi unnið að myndlist hvor í sínu lagi en á Menningarnótt 2010 hófu þær fyrir tilviljun sameiginlegt ferðalag um hvunn dags- og ævintýralönd með liti og striga í farteskinu. Á ferðalaginu sem stendur enn, og er allsendis óvíst hvenær lýkur, hafa þær málað ötullega og haldið nokkrar málverkasýningar. Fyrsta sýning þeirra **Systrasögur** í Listasafni ASÍ árið 2012 fékk mikla athygli og metaðsókna.

Þrátt fyrir að vera systur eru þær Sara og Svanhildur töluvert ólíkar, en fyrir einhverja töfra eða galdur vinna þær saman sem ein manneskja þegar kemur að hugmyndavinnu, undirbúningi og sköpun sameiginlegra málverka sinna. Verk þeirra eru að stórum hluta til sjálfsmýndir sem sýna þær á raunsæjan hátt í hversdagslegum aðstæðum, en vísa um leið út og suður í ævintýraheima og listasöguna.

Á sýningunni í Gerðubergi takast þær á við samannlegar hremmingar og stundir milli þeirra stríða. Umfjöllunarefnið í myndunum er reynsluheimur systranna sem á erindi við fleiri en þær sjálfar, þar sem þær skoða einnig táknmyndir úr listasögunni og dægurmenningu og setja í samhengi við daglegt amstur með tilheyrandi karnivali, tragedíum og sólböðum.

Heimasíða systranna: www.duosisters.com

VETRARRHÁTÍÐ OG SAFNANÓTT Í REYKJAVÍK 5.– 8. FEBRÚAR 2015



Nornasögur og ljós í myrkri

Borgarbókasafn tekur að venju þátt í Vetrarrhátíð í Reykjavík sem haldin verður helgina 5.-8. febrúar næstkomandi, bæði í Grófinni og í Gerðubergi. Hátíðin hefst á föstudagsmorgni en þá mæta æfðar og sérhæfðar nornir á Ingólfstorg í sögubílnum Æringja og segja sögur af myrkri og göldrum. Þær munu líka bjóða upp á nornakakó úr stórum potti. Nornasögustundirnar verða tvær, sú fyrri kl. 11 og sú seinni kl. 13.

Frá Ingólfstorgi er steinsnar að Borgarbókasafninu í Grófinni, en þar tökum við myrkrunu fagnandi á Safnanótt seinni part föstudags. Frá kl. 17 verður önnur hæð safnsins myrkvuð og gestum boðið upp á vasaljós. Það þarf ekki mikið til að snúa veröldinni á hlið en myrkvunin á Safnanótt hefur alltaf gefið góða raun og yngri safngestum þykir sérlega gaman að sjá safnið í nýju (og minna) ljósi. Í myrkrunu er líka upplagt að segja sögur og því verða þrjár sögustundir í Grófinni kl. 17, 17.30 og 18 og í Gerðubergi verður myrkraratleikur og sögustund kl. 20. Fyrir þá sem ekki komast verður einnig sögustund kl. 15 á sunnudeginum 8. febrúar, en sunnudagar eru einmitt barnadagar í Grófinni.

Heimsdagur barna 7. febrúar

Það er gaman að hanna sinn eigin vampírubúning, gera efnafraeðibrellur með dularfullum vökvum, skapa sitt eigið furðugæludýr og dulbúast með glæsilega grímu. Á Heimsdegi barna kl. 13–16 gefst börnum og fylgdarmönnum þeirra tækifæri til að taka þátt í fjölbreyttum og spennandi listasmíðjum og njóta margs konar skemmtunar víða um borgina.

Heimsdagur barna hefur lengi verið órjúfanlegur hluti Vetrarrhátíðar í Reykjavík. Í ár verður sú breyting á, að auk listasmíða í Gerðubergi verður dagskrá í boði á fleiri starfsstöðum Borgarbókasafnsins; í Spönginni, Kringlunni og Sólheimum. Dagskráin á hverjum stað verður kynnt á vetrarrhátíð.is og í bæklingi Vetrarrhátíðar. Íbúar víða um borg geta því notið Heimsdags barna í bókasafninu sínu.

Rappað, muldrað og hvíslað Keppt í orðlist með frjálsri aðferð á Ljóðaslamm

Borgarbókasafnið í Grófinni er opið til miðnætis á Safnanótt. Aðalnúmer kvöldsins er að venju ljóðaslamm sem verður nú haldið í áttunda sinn og hefst kl. 20.30 6. febrúar.

Í útfærslu okkar á Borgarbókasafni er ljóðaslamm skilgreint sem keppni í orðlist með frjálsri aðferð. Keppendur flytja þar frum-saminn íslenskan texta og áhersla er ekki síður lögð á flutninginn en sjálfan textann. Keppnin er opin öllum á aldrinum 15-25 ára: einstaklingum, þörum eða hópum með allt að fimm manns.

Keppnin hefur alltaf verið mjög fjölbreytt þar sem þátttakendur hafa tekið sinn eigin snúning á forminu: þar hefur verið notast við myndasýningar og vídjóverk, ritvélar, trommur og keðjur, samhæfðan dans, fiðluleik og gítarspil, bangsa, kastljós og bókamúr svo eitthvað sé nefnt. Keppendur hafa rappað, muldrað, hrópað, hvíslað og sungið, talað við sjálfa sig og sett á svið æfðan leiklestur. Formið er opið og orðið er frjálst.



LJÓÐASLAMM SYKUR

Skráning á
ljodaslamm@reykjavik.is
til 23. janúar
www.ljodaslamm.is



BORGARBÓKASAFNIÐ – MENNINGARMÍÐJA Í ÞÍNU HVERFI



Um áramótin fékk Borgarbókasafn Reykjavíkur nýtt og aukið hlutverk þegar það var sameinað Menningarmiðstöðinni Gerðubergi. Fleira hefur borið til tíðinda hjá þessari stærstu menningarstofnun Reykjavíkur, sem tekur á móti um 700 þúsund gestum á ári – því að á adventunni var nýtt útibú formlega opnað í glæsilegu bókasafni í Spönginni í Grafarvogi. Safnið er rúmgott, bjart og aðgengilegt en mikill fjöldi íbúa úr hverfinu fagnaði með okkur þessum áfanga. Frá opnun hafa aðsóknartölur verið með besta móti. Gestir sækja safnið sér til ánægju, upplýsinga eða til að hitta vini og kunningja á notalegum stað í nærumhverfinu.

Undanfarin ár hafa átt sér stað umtalsverðar breytingar á starfsemi Borgarbókasafnsins í átt að víðtækara menningarstarfi og er þessi þróun í samræmi við það sem hefur gerst hjá bókasöfnum í nágrennalöndum okkar. Bókasafnið er ekki lengur bara safn bóka því starfsemin hefur aukist og þjónustan orðið fjölbreyttari. Sameiningin við Menningarmiðstöðina Gerðuberg er mikilvægt skref í að festa þessa þróun í sessi. Ef eitthvað ætti að lýsa bókasafni nútímans þá væri það menningarmiðja. Þar er markmiðið að sem flestir geti sótt um stuttan veg fróðleik, menningu, viðburði, félagsskap og fræðslu allt árið um kring.

Reykjavíkurborg er með fleiri spennandi áform á þrjónunum sem snúa að bættari aðstöðu og þjónustu á vettvangi bókasafnanna s.s. tímabærar og glæsilegar endurbætur á Gerðubergi, fyrirhuguð stækkun á aðalsafni í Grófinni, bygging þjónustukjarna í Úlfarsárdal þar sem tengt verður á milli skóla, leikskóla, sundlaugar, íþróttamannvirkja og menningarhúss með bókasafni. Síðasta haust hófst svo tilraunaverkefni í Norðlingaholti þar sem skólabókasafn er samrekið almenningsbókasafninu. Þetta er spennandi tilraun til samnýtingar og hefur gefist afar vel.

Framundan er sneisafullt ár af fræðslu og viðburðum þar sem einkum er horft til barnamenningar, fjölmennningar og alþýðumenningar. Við bjóðum borgarbúum að nýta sér Borgarbókasafnið – menningarhús í Grófinni, Gerðubergi, Spönginni, Kringlunni, Árbæ, Sólheimum og Norðlingaholti sem nýjan áfangastað; gríðastað fyrir fjölskyldur, einstaklinga og hópa í amstri dagsins þar sem hægt er að njóta, læra, taka þátt og styrkja andann á eigin forsendum.

Gleðilegt menningarár!

Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri

AFNSINS JANÚAR – FEBRÚAR 2015

19. og 20. febrúar | fimmtudagur og föstudagur
VETRARFRÍ Í REYKJAVÍK | Dagskrá fyrir börn og fjölskyldur þeirra.

Activities for children and their families during the winter break.

21. febrúar | laugardagur kl. 14

CAFÉ LINGUA | Alþjóðadagur móðurmálsins 2015
Móðurmálum sem hafa ratað til Íslands er fagnað með tungumálakennslu barna. Dagskráin er í samstarfi við samtökin Móðurmál og Skóla- og fristundasvið Reykjavíkurborgar.

*Café Lingua / International Mother Language Day 2015
A celebration of different mother tongues in Iceland.*

25. febrúar | miðvikudagur kl. 20

LEIKHÚSKAFFI | Sjálfstætt fólk
Fjallað verður um uppsetningu Þjóðleikhússins á Sjálfstæðu fólki eftir Halldór Laxness. Símon Birgisson dramaturg og höfundur leikgerðar stýrir dagskránni og fær til sín góða gesti.

*Theatre Café / Independent People
A discussion of the new adaptation of the novel Independent People by Halldór Laxness.*

26. febrúar | fimmtudagur kl. 17–18.30

FIMMTUDAGSFRÆÐSLA | Jákvæð samskipti foreldra og unglunga. Lone Jensen uppeldisráðgjafi þroska- og hegðunarmiðstöðvar Heilsugæslunnar ræðir leiðir og aðferðir í samskiptum við unglunga.

Education Now / Positive Communication Techniques for Parents and Teenagers.

27. febrúar | föstudagur kl. 12.15–13

og 1. mars | sunnudagur kl. 13.15–14
KLASSÍK Í HÁDEGINU | Himnesk heiðríkja
Hulda Björk Garðarsdóttir sópransöngkona og Nína Margrét Grímsdóttir píanóleikari flytja tónlist eftir Brahms, Schubert, Schumann og Strauss sem innblásin er af himneskri heiðríkju.

*Lunchtime Classics / Serene Songs
Lieder by Brahms, Schubert, Schumann and Strauss.*

28. febrúar | laugardagur kl. 14

BARNADAGUR | Spunasmiðja
For children: Improvisation Workshop

BORGARBÓKASAFNIÐ
MENNINGARHÚS SÓLHEIMUM

Sólheimum 27
104 Reykjavík
Sími 411 6160
borgarbokasafn.is

7. febrúar | laugardagur kl. 13–16

HEIMSDAGUR BARNNA Á VETRARHÁTÍÐ Í REYKJAVÍK
Fjölbreytt dagskrá fyrir börn og fjölskyldur þeirra.

*International Children's Day / Winter Night Festival
Workshops and activities for children and families.*

19. og 20. febrúar | fimmtudagur og föstudagur
VETRARFRÍ Í REYKJAVÍK | Dagskrá fyrir börn og fjölskyldur þeirra.

Activities for children and their families during the winter break.

BORGARBÓKASAFNIÐ
MENNINGARHÚS SPÖNGINNI

Spönginni 41
112 Reykjavík
Sími 411 6230
borgarbokasafn.is



FRYSTIKISTA Í FJÖRUNNI | Sýning Gunnhildur Þórðardóttur á málverkum og skúlptúrum.

Washed Up / Gunnhildur Þórðardóttir's exhibition of sculptures and paintings.

31. janúar | laugardagur kl. 14

BARNADAGUR | Bingó | For children: Bingo

7. febrúar | laugardagur kl. 13–16

HEIMSDAGUR BARNNA Á VETRARHÁTÍÐ Í REYKJAVÍK
Fjölbreytt dagskrá fyrir börn og fjölskyldur þeirra.

*International Children's Day / Winter Night Festival
Workshops and activities for children and families.*

11. febrúar | miðvikudagur kl. 14.30–15.30

BARNALESHRINGUR FYRIR 9–12 ÁRA
Lúsastríðið eftir Brynhildi Þórarinsdóttur er lesin.

Reading Group for children aged between nine and twelve.

19. og 20. febrúar | fimmtudagur og föstudagur
VETRARFRÍ Í REYKJAVÍK

Dagskrá fyrir börn og fjölskyldur þeirra.

Activities for children and their families during the winter break.

28. febrúar | laugardagur kl. 14

BARNADAGUR | Leikhópurinn Lotta sýnir Söngvasyrpu.
For children / Play by the theatre group Lotta.



BORGARBÓKASAFNIÐ
MENNINGARHÚS ÁRBÆ

Hraunbæ 119
110 Reykjavík
Sími 411 6250
borgarbokasafn.is

Á VEGGNUM | Stefán Eiríksson sýnir olíumálverk.
Sýningunni lýkur 31. janúar.

On the Wall / Exhibition of oil paintings by Stefán Eiríksson.



3. febrúar | þriðjudag kl. 15

MATS LÍTUR UM ÖXL | Mats Wibe Lund sýnir ljósmyndir frá liðnum árum. Sýningunni lýkur 31. mars.

*Photo Exhibition / Mats Looks Back / Mats Wibe Lund
shows photos from his career.*

19. og 20. febrúar | fimmtudagur og föstudagur
VETRARFRÍ Í REYKJAVÍK | Dagskrá fyrir börn og fjölskyldur þeirra.

Activities for children and their families during the winter break.



BORGARBÓKASAFNIÐ
MENNINGARHÚS KRINGLUNNI

Listabraut 3
103 Reykjavík
Sími 580 6200
borgarbokasafn.is

7. febrúar | laugardagur kl. 13–16

HEIMSDAGUR BARNNA Á VETRARHÁTÍÐ Í REYKJAVÍK
Fjölbreytt dagskrá fyrir börn og fjölskyldur þeirra.

*International Children's Day / Winter Night Festival
Workshops and activities for children and families.*

20. og 21. febrúar | föstudagur og laugardagur
VETRARFRÍ Í REYKJAVÍK | Dagskrá fyrir börn og fjölskyldur þeirra. Föstudag kl. 14–15 er föndursmiðja og laugardag kl. 13.30–15.30 koma Spilavinir í heimsókn.

Activities for children and their families during the winter break.

Fastir liðir

Fjölskyldustundir | Samverustundir fyrir fjölskyldur með ung börn í Grófinni alla fimmtudaga kl. 10.30–11.30, í Gerðubergi og í Spöng alla þriðjudaga kl. 13.30–14.30.

*Family Gatherings for families with young children
Thursdays at 10:30–11:30 in Grófin, in Gerðuberg and
Spöngin on Tuesdays at 13:30–14:30.*

Barnadagar | Um helgar er eitthvað skemmtilegt um að vera fyrir börn og fjölskyldur þeirra. Barnadagar eru á laugardögum kl. 14 í Gerðubergi og á sunnudögum kl. 15 í Grófinni.

*Program for children during weekends / Saturdays at 14
in Gerðuberg branch and Sundays at 15 in main library.*

Heilahristingur | Heimanámsaðstoð fyrir börn í 4.–10. bekk, sjá nánar á heilahristingur.is Í Kringlunni á mánudögum kl. 14.30–16 og í Gerðubergi á miðvikudögum kl. 14–15.30.

*Study help for children from 4th to 10th grade.
Further information on www.heilahristingur.is.*

Ráðgjöf fyrir innflytjendur

Grófinni | Ókeypis ráðgjöf fyrir innflytjendur á fimmtudögum kl. 14–16.

*Free counselling for immigrants in Grófin on Thursdays
at 14.00–16.00.*

Hittumst á bókasafninu

Grófinni | Konur af erlendum uppruna bjóða öllum konum að hittast og spjalla. Annan hvern fimmtudag kl. 14–16. Hefst 5. febrúar.

*Let's meet at the Library / A discussion group for women in
Grófin every other Thursday at 14.00–16.00, starting on
5 February.*

Lesum blöðin saman

í Grófinni á fimmtudögum kl. 17.30. Langar þig að lesa íslensku blöðin og skilja hvað er að gerast á Íslandi?

*Let's Read the Newspapers! Do you need help to read the
Icelandic newspapers and understand what is going on in
Iceland? In Grófin on Thursdays at 17.30.*

Kvæðamannafélagið Iðunn í Gerðubergi

Kvæðalagaæfingar fyrsta miðvikudag í mánuði kl. 20. Félagsfundir fyrsta föstudag í mánuði kl. 20. www.rimur.is

*The Traditional Poetry and Ballad Society Iðunn:
Rehearsals in Gerðuberg first Wednesday of each month at 20.00.
Society meetings first Fridays of each month at 20.00.*

Þrjónakaffi í Árbæ þriðjudaga kl. 13–15.

Knitting group in Árbær Tuesdays at 13.00.

Leshringir

Reading groups

Grófinni

Leshringurinn **Gamalt og gott** hittist þriðja fimmtudag í mánuði kl. 17.15.

Glæpasagnaleshringur hittist annan fimmtudag í mánuði í kl. 17.15.

Spönginni

Leshringurinn hittist þriðja mánudag í mánuði kl. 17.15.

Leshringur barna hefst miðvikudaginn 11. febrúar kl. 14.30 og hittist vikulega til 13. maí.

Árbæ

Leshringurinn **Konu- og karlabækur** hittist fyrsta miðvikudag í mánuði í kl. 16.15.

**ÓKEYPIS
Á ALLA
VIÐBURÐI**



TRANSLAND

Myndlistarsýning Huldu Vilhjálmsdóttur í Artóteki

„Þegar ég vinn líður mér eins og ketti sem sér vel í myrkri,“ segir Hulda Vilhjálmsdóttir myndlistarmaður um sýningu sína **Transland** sem opnar í Artóteki Borgarbókasafnsins í Grófinni, fimmtudaginn 29. janúar næstkomandi kl. 17. Sýnd verða olíumálverk, teikningar og vídeó sem unnin eru á síðustu mánuðum.

Transland er yfirskrift sýningarinnar og að sögn Huldu vísar titillinn til þess að hún fellur í eins konar leiðslu eða trans þegar hún malar. Hugarástandið lýsir sér sem taktur sem streymir frá hjartanu í höndina sem heldur á penslinum eða blýantinum. „Allt í kring er dimmt en mér tekst að fanga það sem er og koma því áfram á flötinn fyrir framan mig. Hver pensilstroka hefur sérstaka merkingu og áferðin skiptir máli. Transland er heimur minn og reynsla,“ segir Hulda.

Hulda hefur ávallt teiknað mikið, gert skúlptúra, innsetningar og framið gjörninga. Síðustu árin hefur hún einnig unnið með leir. Hún er þó sennilega þekktust fyrir málverk sín þar sem hvorki litir né tilfinningar eru spóruð. Manneskjan, náttúran og tilfinningarnar eru viðfangsefni í myndlist Huldu og í henni má greina átök, innilokun, ógn og einmanaleika en einnig gleði og fjör. Pensildrættirnir eru óheftir og undirstrika viðfangsefni málverksins. Transland stendur til sunnudagsins 1. mars.



ÞETTA VILJA BÖRNIN SJÁ!

Sýning á myndskreytingum úr íslenskum barnabókum opnar í Gerðubergi sunnudaginn 25. janúar kl. 14. Þetta er í fjórtánda skiptið sem sýningin fer fram en hún er opin myndskreytum íslenskra barnabóka sem komu út á fyrra ári. 30 myndskreytar hafa skráð sig til þátttöku og sýna myndirnar vel þá fjölbreytni sem er að finna í íslenskri barnabókaútgáfu.

Venju samkvæmt verður átta ára reykvískum skólabörnum boðið til sýningarinnar. Þau fá leiðsögn um yfirstandandi sýningar í Gerðubergi, heimsækja bókasafnið og fræðast um myndskreytingar. Sýningin stendur til 15. mars en fer þá á flakk í sýningarferð þar sem skólabörn vítt og breitt um landið fá að njóta hennar.

LEIKLISTARNÁMSKEIÐ Í SÖGUHRING KVENNA

Söguhringur kvenna er samstarfsverkefni Borgarbókasafnsins og Samtaka kvenna af erlendum uppruna. Boðið verður upp á leiklistarnámskeið í umsjón Helgu Arnalds og Aude Busson. Dagsetningar námskeiðsins eru: 11. og 25. janúar og 8. og 22. febrúar. Námskeiðið fer fram á milli kl. 13 og 16 í Gerðubergi.

Markmið námskeiðsins er fyrst og fremst að eiga skemmtilegar og skapandi stundir saman. Þátttakendum verður boðið upp á ýmsar leikrænar æfingar sem miða að því að tala og vinna saman í hópi, treysta og hlusta á hver aðra. Auk þess veitir það þátttakendum æfingu í að tjá sig með öðrum hætti en í daglegu lífi. Unnið verður með myndrænt leikhús, hlutaleikhús og spuna.

Í fyrsta hluta námskeiðsins verður farið í að sameina hópinn og opna fyrir möguleika á að tjá sig með öðru en tungumálinu. Líkaminn og rýmið verða verkfæri okkar til að skapa sögur. Í lok námskeiðsins verður sýning þar sem afraksturinn er kynntur. Þá vonum við að hver og einn þátttakandi hafi safnað verkfærum til að tjá sig og þróa sína eigin leið til sköpunar.

Söguhringur kvenna hefur það meðal annars að markmiðið að styrkja tengsl kvenna á Íslandi, miðla reynslu og að styrkja konur af erlendum uppruna í að tjá sig á íslensku um ýmis málefni. Nánari upplýsingar er að finna á Facebook-síðu hópsins.



FÖGNUM ALDRINUM

Bandaríski sálfræðingurinn og markþjálfinn Eve Markowitz Preston fjallar um hvernig hægt er að eldast á farsælan hátt. Við eldumst öll og fátt fær stöðvað þær líkamlegu breytingar sem fylgja því. Hins vegar er hægt að takast á við ferlið á margan hátt og ekki síst með því að fagna þessum breytingum. Eve mun fara yfir nokkrar árangursríkar sálfræðilegar aðferðir sem hjálpa okkur að eldast á farsælan og ánægjulegan hátt.

Fyrirlesturinn fer fram á ensku, í Grófinni 16. febrúar kl. 17.



FOLDASAFN VERÐUR MENNINGARHÚS Í SPÖNGINNI

Í desember flutti Foldasafn úr kjallara Grafarvogskirkju í nýtt og stærra húsnæði í Spönginni. Nýja safnið er á tveimur björtum hæðum og skiptist í líflega neðri hæð, þar sem er meðal annars barnadeild, afgreiðsla og tímaritahorn, og í rólegri efri hæð með fræðibókum og skáldsögum fyrir fullorðna. Einnig er í safninu fjölnota salur sem nýtist við ýmis tilefni. Í tímaritahorninu er hægt að fá sér kaffisopa og fylgjast með mannlífinu.

Með stærra og bjartara húsnæði skapast tækifæri til sýningahalds og annarra viðburða. Sýning Gunnhildar Þórðardóttur myndlistarmanns, Frystikista í fjörunni, stendur yfir til 12. apríl næstkomandi og fleiri sýningar eru á teikniborðinu í safninu.

Alla laugardaga verða dregin fram spil, búningar og litir fyrir börnin og síðasta laugardag mánaðarins kl. 14 er boðið upp á sérstaka barnadagskrá. 31. janúar verður spilað bingó og 28. febrúar kemur leikhópurinn Lotta í heimsókn. Þá verður starfandi barnaleshringur fyrir 9-12 ára alla miðvikudaga fram á vorið (nema öskudag) sem hittist kl. 14.30–15.30 frá og með 5. febrúar. Ingibjörg Ösp Óttarsdóttir sér um leshring barna. Fyrsta bókin er Lúsastríðið eftir Brynhildi Þórarinsdóttur.

Nýr leshringur fyrir fullorðna hefur göngu sína mánudaginn 19. janúar og hittist hann þriðja mánudag mánaðarins kl. 17.15. Herdís Þórisdóttir sér um leshringinn sem ætlaður er öllum þeim sem hafa ánægju af lestri og umræðum um bækur.

Fjölskyldustundir verða á þriðjudögum kl. 13.30 en þær stundir eru hugsaðar sem samverustundir fyrir foreldra með ung börn. Leikföng verða í boði fyrir börnin og kaffisopi fyrir foreldrana ásamt óformlegri dagskrá.



NÝTT
Á DAGSKRÁ

ÍSLENSK VERK Á LEIKSVIÐI

Leikhúskaffi í samstarfi
Borgarbókasafnsins og Þjóðleikhússins



Miðvikudaginn 28. janúar næstkomandi hefst ný viðburðaröð í Gerðubergi sem kallast **Leikhúskaffi** og er samstarfsverkefni Borgarbókasafnsins og Þjóðleikhússins. Leikhúskaffi fer fram síðasta miðvikudag mánaðarins, alls fjórum sinnum, fram á vorið. Í viðburðaröðinni verða teknar til umfjöllunar fjórar sýningar Þjóðleikhússins þennan veturinn, en sem kunnugt er sýnir leikhúsið aðeins íslensk verk á þessu leikári. Dagskráin hefst kl. 20, aðgangur er ókeypis og öllum opin.

Leikhópurinn **Aldrei óstelandi** ríður á vaðið 28. janúar kl. 20 í Leikhúskaffinu og fjallar um **Ofsa** eftir Einar Kárason. Sýningin hefur fengið einróma lof gagnrýnenda og gengur fyrir fullu húsi í Þjóðleikhúsinu. Leikstjóri og leikarar ásamt höfundu segja frá sýningunni, æfingafæri, vinnuáferðum og bókinni sem var kveikjan að þessu öllu. Þátttakendur eru Einar Kárason rithöfundur, Marta

Nordal leikstjóri, Edda Björg Eyjólfsdóttir leikkona og Stefán Hallur Stefánsson leikari.

25. febrúar mun Símon Birgisson stýra dagskrá um **Sjálfstætt fólk** og fá til sín góða gesti, en hann er dramatúrg sýningarinnar og einn þriggja leikgerðarhöfunda. Uppsetningin hefur vakið athygli og í henni eru farnar ýmsar nýstárlegar leiðir í glímuni við þetta ástsæla bókmenntaverk.

Miðvikudaginn 25. mars verður **Segulsvið** eftir Sigurð Pálsson til umfjöllunar og í apríl verður rýnt í **Fjalla-Eyvind** Jóhanns Sigurjónssonar. Sú dagskrá verður auglýst nánar þegar nær dregur.

Miðvikudaga kl. 20 í Gerðubergi
28. janúar | 25. febrúar | 25. mars | 28. apríl

MATARSÍÐA SVAVARS

svavar@islensturmat.is



Svavar Halldórsson

Alvöru matur

Frá því um áramót hafa síður dagblaðana verið undirlagðar auglýsingum um alls kyns svokallaðar „heilsu“-vörur; pillur, duft, fæðubótaefni . . . svo ekki sé nú minnst á alla ofurfæðuna sem á að lækna allt frá svefnleysi yfir í stórkvilla eða alvarlega sjúkdóma. Allar eiga þessar lausnir það sameiginlegt að innfela loford um bættu heilsu, lengra líf, fegurð og heilbrigði. Til viðbótar streyma inn sérprentaðir bæklingar með sama boðskap.

Menn keppast við að spila inn á samviskubit fólks eftir jólin og lofa einföldum bakdyraleiðum svo allir geti orðið grannir, hraustir og fallegir. Eflaust virkar eitthvað af þessu . . . kannski allt? Að minnsta kosti eru virðist einfalt að fá fræga og fallega fólk til að leika í auglýsingum fyrir þessar vörur - svo ekki sé nú talað um íþróttahetjurnar. Vilji menn virkilega sýna fram á hversu góð og frábær varan er, þá fylgir gjarnan klausa um að hún séu unnin úr náttúrunni.

Töfralausnir

Sumt af því sem er á boðstólum er reyndar þannig að einfaldlega er búið að þurrka og mala eitthvað sem vex vilt í náttúrunni; hvönn, hvítlaug eða græna örþörunga. Annað er hins vegar unnið eftir mun flóknari leiðum og inniheldur alls kyns efni sem eru okkur sem neytendum framandi. En ef bestu fæðubótaefnin og töfralausnirnar eru unnar úr alvöru náttúruvörum eða mat - hvers vegna borðum við ekki bara alvöru mat?

Árum og áratugum saman hafa sérfræðingar sagt okkur að lykillinn að góðri heilsu sé annrs vegar hreyfing og hins vegar það að borða hollann, næringarríkan og fjölbreyttan mat. Lítið unnar matvörur eru líka miklu betri

en það sem er búið að þvæla í gegnu flókna ferla og bæta alls kyns efnum út í. Menn hafa reyndar tekist á um hversu vond dýrafita nákvæmlega er og ráðleggingar hafa dálítið rokkað til þar, en í grunninn eru ráðleggingarnar þær sömu nú og þær hafa verið.

Lykilatriðið er einfaldlega að vita hvað maður lætur ofan í sig. Þess vegna meðal annars, er gott að velja íslenskan mat. Hann er í flestum tilfellum ferskari en annað sem okkur býðst, minna er notað af aukefnum, eitri og lyfjum við framleiðsluna og svo mætti lengi telja. Að auki er ekki búið að flytja hann um langa vegu með tilheyrandi umhverfiskostnaði. Við vitum líka að almennt er búið vel að húsdyrum á Íslandi.

Hollt og gott

Og hvað er það þá sem við ættum að borða í staðinn fyrir töfrapillur, duft, mauk og þess háttar sem lítið á í raun skylt við mat. Jú, grænmeti er hollt. Lítið unnar kjötvörur og fiskur. Allt sem ferskast og minnst unnið. Ávextir eru hollir og við ættum að borða þá - jafnvel þótt þeir hafi verið fluttir hingað um langan veg. Hið sama gildir um gróft kornmeti og rötargrænmeti. Því þrátt fyrir umræðu undanfarinna missera er ekki allt kolvetni vont!



Við þurfum á kolvetnum að halda og ættum að reyna að velja góð kolvetni úr grófu brauði, grófu káli, gulrótum, rófum og þess háttar grænmeti.

Lítið unnar mjólkurvörur ættu líka að vera á matseðlinum - án viðbættis sykur eða annarra sætuefna. Staðreyndin er sú að ofneysla á sykri er vond fyrir okkur. Þá gildir einu hvort um er að ræða hvítan sykur, púður-sykur, agave síop eða hvað þetta er nú allt kallað. Sykur er sykur, sama hvað auglýsingarnar segja. Við ættum líka að gæta okkar á viðbættum sætuefnum því rannsóknir síðustu ára benda til þess að þau geti átt sinn þátt í offituvandanum. Það skyldi þó aldrei vera að maður verði feitur af sykursnaudum gosdrykkjum, vegna þess sem sett er í staðinn fyrir hvíta sykurinn? Þösum okkur líka á mjólkurvörum sem búið er að eyðileggja með sykri.

Óþarft að leita langt yfir skammt

Íslenskt grænmeti, ávextir, gróft kornmeti, sykur- og sætuefnalaugar mjólkurvörur, hnetur, fræ, ber, gott kjöt í hófi og fiskur. Þetta er það sem við eigum að setja í körfuna okkar þegar við förum út í búð. Auðvitað má leyfa sér eitthvað góðgæti við og við - en látum ekki plata okkur með auglýsingum og innihaldslausum lofordum til að borða tóma vitleysu á milli nammidaga. Reynum að borða sem minnst af því sem búið er að setja í pakka með flóknum innihaldslýsingum. Borðum alvöru mat!

Við á Íslandi erum svo heppin að í kringum landið eru ein gjöfulustu fiskimið í heimi. Það þýðir að ef við ætlum að borða staðbundinn, lítið unnin og hollan mat, þá ætti fiskur auðvitað að vera efstur á blaði. Það vill líka svo vel til að á þessum árstíma er hefst vertíð. Það þýðir að bolfiskur af Íslandsmiðum er aldrei betri en seinni hluta vetrar. Það mætti eiginlega með nokkurri einföldum segja að nú sé náttúrulegur uppskeritími fisks. Hvernig væri að sleppa öllum pillum, dufti, mauki eða furðuvörum í janúar og febrúar og borða þess í stað íslenskan fisk með íslensku grænmeti í öll mál?



Pillur, duft, bætiefni og alls kyns furðuvörur eru áberandi í blöðum og bæklingum. En best er að borða alvöru mat.



GÓLF-MOTTUR

við innganginn borga sig

CORAL®

Vörn gegn óhreinindum og bleytu

KJARAN
GÓLFBÚNAÐUR

SÍÐUMÚLA 14 • 108 REYKJAVÍK • SÍMI: 510 5510 • www.kjaran.is
OPIÐ VIRKA DAGA KL. 8 - 18.

SÓLARKAFFI
ÍSFIRDINGAFÉLAGSINS
2015
31. JANÚAR Í HÖRPUNNI
SUNNUKÓRINN - HAPPDRETTI - ÖRN ÁRNASON
RÆÐUMADUR: EIRÍKUR BÓDVARSSON
STÓRDANSLEIKUR MEÐ HLJÓMSVEITINI
GRAFÍK
Forsala aðgöngumiða og borðapantanir laugarðagana 17. og 24. janúar kl. 14 - 16 í Hörpunni
Miðar verða líka til sölu í Hamraborg. Ísafirði frá laugardeginum 17. janúar kl. 14:00
Sjómín tekur frá borð vegna sölu miða í Hamraborg
Símasala í síma 895 2922 laugarðagana 17. og 24. janúar kl. 14 - 16 og virka daga 19. - 30. janúar kl. 14 - 16

Parketslípun
sólpallaslípun | parketlagir
551 1309 / 690 5115
golfist@golfist.is | www.golfist.is

99% RYKFRITT

Gólf list
Parketlagir og viðhald

UMFJÖLLUN

Froðuheimspeki og tjáningafrelsið

Tjáningafrelsið er hluti af sjálfsmynd Íslendinga. Rétturinn til skoðana og sannfæringar er tryggður í stjórnarskrá og um leið eru löggjafar- og framkvæmdavaldinu settar skorður þegar kemur að takmörkun þess frelsis. Ísland mælist afar hátt á alþjóðlega mælikvarða þegar kemur að réttindum til tjáningar. Hvort hugmyndir okkar og annarra gefi rétta mynd af ástandinu er umdeilanlegt en ljóst er að Ísland eins og önnur samfélög takmarkar tjáningafrelsi meðal annars með lögum og félagslegu taumhaldi.

Takmarkanir á tjáningafrelsinu

„Ritskoðun og aðrar sambærilegar tálmanir á tjáningarfrelsi má aldrei í lög leiða,“ segir í stjórnarskránni en líkt og flest annað er ákvæðið ekki svo klippt og skorið. Annað ákvæði segir: „Tjáningarfrelsi má aðeins setja skorður með lögum í þágu allsherjarreglu eða öryggis ríkisins, til verndar heilsu eða siðgæði manna eða vegna réttinda eða mannorðs annarra, enda teljist þær nauðsynlegar og samrýmist lýðræðishefðum.“ Mat á því hvað er allsherjarregla mótast af löggjöf hvers tíma. Þar af leiðir að yfirvöld hafa í raun talsverðan rétt til takmörkunar tjáningafrelsisins í ljósi lagasetningavaldsins. Mótvægi við það vald er svo hið félagslega taumhald og þá sérstaklega hið pólitíska aðhald

sem almenningur og stjórnámálemenn eiga að veita.

Takmarkanir á Íslandi

Finna má nokkur dæmi um takmarkanir á tjáningafrelsi í íslenskum lögum. Í almennum hegningalögum er að finna ákvæði þar sem refsing er álagð við því að ráðast opinberlega með háði, rógi, smáun, ógnun eða á annan hátt á mann eða hóp manna, m.a. vegna litarháttar eða kynþáttar. Þá krefja lög ýmsar starfsstéttir um þagnaskyldu vegna ýmissa mála. Bládamenn eru bundnir af lögum til að verja heimildamenn sem óska nafnleysis. Opinberir starfsmenn þurfa að undirgangast ýmsar kvaðir um trúnað og leynd. Læknar geta ekki tjáð sig opinberlega um heilsu sjúklinga sinna og starfsfólk

Fjármálaeftirlitsins er bundið trúnaðarskyldu. Þá má benda á bankaleynd og höfundarrétt sem dæmi um talsvert viðtækar lagalegar takmarkanir á tjáningafrelsi. Og þar til fyrir skömmu, launaleynd. Enn eitt dæmið um lagalega takmörkun á tjáningafrelsinu er svo að klám er bannað.

Röksemd fyrir takmörkunum

Mannréttindasáttmáli Evrópu listar ásætlanlegar kröfur fyrir takmörkun á tjáningafrelsinu. Rétt er að endurtaka það sem kemur fram hér að ofan að stjórnarskráin nefnir einnig skilyrði takmörkunar. Mannréttindasáttmáli Evrópu var lögfestur á Íslandi þann 19. maí 1994 en síðar var íslensku stjórnarskránni breytt til þess að samrýnast ákvæðum sáttmálans. Að baki tjáningafrelsisákvæði sáttmálans er áratuga löng saga, hreyfing og barátta sem sækir raunar aftur til heimspeki Sókratesar og upplýsingarinnar, svo dæmi séu nefnd. Oft er talað um vestræn gildi - sem ef til vill er ekki heppilegasta hugtakið - sökum þess að sótt er í gild-



Þórhildur Sunna Ævarsdóttir.

iskerfi evrópskra hugsuða; sérstaklega Sókrates. Til samanburðar má benda á að gildiskerfi Konfúsíusar leggur meiri áherslu á friðsemd; að ólíkar skoðanir geti vel lifað í sátt hvor við aðra og án átaka. Varla þarf að taka fram að hér er um afar grunna greiningu á gildiskerfunum tveimur að ræða og mörkin eru töluvert flóknari og óljósari. Mannréttindasáttmálinn sækir hugmyndir sínar um tjáningafrelsið til upplýsingarinnar, sem um leið sótti gildi sín til að mynda til Sókratesar. Mannréttindasáttmálinn var og er enn tilraun til að festa í sessi og tryggja grundvallar rétt til tjáningar. Um leið er gerð tilraun til að koma til móts við mismunandi menningu og gildiskerfi sem móta geta hugmyndir hvers og eins til lagalegrar uppbyggingar samfélaga.

Réttindi og skyldur

Í sáttmálanum segir um takmarkanir: „Þar sem af réttindum þessum leiðir skyldur og ábyrgð er heimilt að þau séu háð þeim formsreglum, skilyrðum, takmörkunum eða viðurlögum sem lög mæla fyrir um og nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi vegna þjóðaröryggis, landvarna eða almannaheilla, til þess að firra glundroða eða glæpum, til verndar heilsu eða siðgæði manna, mannorði eða réttindum og til þess að koma í veg fyrir uppljóstran trúnaðarmála eða til þess að tryggja vald og óhlutdrægni dómstóla.“ Sáttmálinn reynir þannig að koma til móts við hagsmuni og réttindi sem geta í einhverjum tilvikum staðið á odd hvort við annað. Tjáningafrelsið útilokar ekki hið félagslega taumhald til takmörkunar á tjáningafrelsinu en reiðir sig á sama tíma á sama taumhald því til verndunar. Um leið leitast sáttmálinn til að lögfesta ákvæðna vernd.

Hugsunarglæpir og heilavottur

Þórhildur Sunna Ævarsdóttir, mannréttindalögmaður, skrifaði grein, í Kvinnablaðið, um tjáningafrelsið í kjölfar árásanna á Charlie Hebdo. Þórhildur bendir á að tjáningafrelsið sé: Frelsi til þess að hafa skoðanir, frelsi til þess að meðtaka upplýsingar og skoðanir, frelsi til þess að dreifa upplýsingum og skoðunum. „Frelsi til þess að hafa skoðanir er frumskilyrði þess að njóta megi frelsis til þess að meðtaka og dreifa upplýsingum og skoðunum,“ skrifar Þórhildur og bendir á að ekki megi takmarka þetta frelsi. Þar er átt við að án nokkura takmarkana búa allir við réttin til eigin hugsana. „Frelsi til þess að hafa skoðanir er sérstakt að því leyti að takmarkanir annarrar málsgreinar

eiga ekki við um það. Þannig má ríkisvaldið ekki mismuna borgurum á grundvelli skoðana þeirra né heldur neyða þá til þess að tjá skoðun sína. Frelsi til þess að hafa skoðanir felur einnig í sér vernd gegn neikvæðum áhrifum þess að fólki séu gerðar upp skoðanir með því að álykta út frá fyrri ummælum þeirra eða tjáningu.“ Þannig er kýrskýrt að ekki má refsá fólki fyrir hugsanir þeirra, né meintar hugsanir. Þórhildur bendir um leið á að öllum sé tryggður frelsi frá heilavætti. „Frelsi til þess að hafa skoðanir þýðir líka frelsi frá heilavotti stjórnvalda. Það er að segja að ríkisstjórnir eiga að forðast að heilavætti þegna sína, til dæmis með einhliða og einsleitri upplýsingagjöf til almennings.“

Fjölmiðlafrelsi

„Þá fellur sköpun og skoðun undir tjáningarfrelsið, en einnig önnur form tjáningar og framsetningar upplýsinga eða skoðana eins og ljósmyndir, myndir, ákveðið háttarlag og jafnvel klæðaburður,“ segir Þórhildur í samtali við blaðið. Hún bendir á að fjölmiðlafrelsi sé vissulega hluti af tjáningafrelsinu. Þótt tíunda grein Mannréttindasáttmálans minnst aldrei á fjölmiðlafrelsi þá hefur dómstóllinn gert frelsi fjölmiðla sérstaklega hátt undir höfði. „Vegna þess hvað þeir gegna sérstaklega mikilvægu hlutverki í að tryggja tjáningarfrelsið.“

Frelsið til sjálfsritskoðunar

Á Íslandi eru eins og áður segir nokkrar takmarkanir á tjáningafrelsinu. Meðfram má svo finna félagsmótaðar takmarkanir - umfram lagalegar en lög eru félagslegt fyrirbæri en ekki náttúruafli - og félagslegt taumhald á hvað hægt er að tjá, áður en slíkt hefur verulegar afleiðingar gagnvart þeim sem slíkt gerir. Þá má finna fjárhagslegar ástæður fyrir því að fólk undirgengst takmarkanir á eigin tjáningu. Markaðsmiðlar reiða sig á að stuða ekki lesendur og auglýsendur. Um leið er varan sem þeir eru að selja - allavega að nafninu til - sjálfstæði. Flestir miðlar og bládamenn eru afar meðvitaðir um hversu langt þeir geta gengið. Ríkismiðlar leggja sig í líma við að viðhalda trausti almennings og stunda um leið talsverða sjálfsritskoðun líkt og markaðsmiðlar, þótt niðurstaðan geti orðið efnislega önnur. Auglýsingamiðlar - líkt og Reykjavík vikublað - reiða sig á lesendur með öðrum hætti en áskriftamiðlar myndu gera. Sjálfsritskoðun er félagsleg og því erfiðari að sjá og greina en lagalegar takmarkanir á tjáningu.

Kjörbúðalýðræðið

Ísland er um leið markaðshyggjusamfélag þar sem gildi og verðmæti er gjarnan mæld í fjárhagslegum ávinningu aðgerða. Þar af leiðir að almennur á rétt á að styðja eða hundska tjáningu sem því líkar ekki. Sá réttur getur þó gengið á rétt annara. Vissulega heimilur gildiskerfi markaðshyggju að peningamenn kaupir upp fjölmiðil og stundi þar pólitískar hreinsanir en hið félagslega taumhald er það sem rekur fólk til að segja upp áskrift, hætta að lesa eða hvetja auglýsendur til að styðja ekki við bakið á slíkum miðli. Tjáningafrelsið felur þannig ekki í sér frelsi frá

Góð þjónusta í 60 ár



GÆDAHREINSUN ÞVOTTAHÚS DÚKALEIGA



FYRIRTÆKJAÞJÓNUSTA



SÆKJUM & SENDUM



Háleitisbraut 58-60 - Sími 553-1380



Atli Þór Fanndal

gagnrýni eða kvöð um stuðning við þína tjáningu. Borgaraleg gildi kalla þó eftir því að sparlega sé farið með vald - hvaða búning sem það klæðir sig. Tjáningafrelsið tryggir um leið engum frelsi frá gagnrýni og í lagalegum og félagslegum skilningi má ganga talsvert harðar fram gagnvart forsætisráðherra, viðskiptamönnum, blaðamönnum og þingmönnum en hinum almenna borgara. Opinberar persónur eiga ekki tilkall til sömu verndar og aðrir. Hugmyndir okkar um lýðræði eru svo ástæða þess að harkaleg gagnrýni yfirvalds á fjölmiðla vekur upp sérstaklega harkaleg viðbrögð. Sama má svo segja við sérstaklega tillitslausri framkomu fjölmiðla gagnvart einstaklingum sem eru að ganga í gegnum sérstaklega erfiða tíma. Slíkt vekur sterkar tilfinningar hjá mörgum og harkaleg viðbrögð.

Rammi Sigmundar

Af þessum sökum er merkilegt að sjá viðbrögð Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar, forsætisráðherra og formanns Framsóknarflokksins, við gagnrýni á störf hans, flokksfélaga og ummæli þeirra. Endurtekið ruglar forsætisráðherra saman rétti sínum til tjáningar - sem reyndar er takmörkuð í lagalegum og félagslegum skilningi sökum þess mikla valds og ábyrgðar sem honum er falið - við rétt, sem ekki er til, um að aðrir séu honum sammála og gagnrýni hann ekki. Nýlega vitnaði Sigmundur óbeint til hins svonefnda Overton-ramma og sagði ramma þess sem má ræða stöðugt minnka. „Menn þora ekki að ræða hvað sem er, það sé orðin alltof mikil takmörk



Allt er fyrirgefið. Fyrsta forsíða Charlie Hebdo eftir árásina sýnir samstöðu Múhameds með blaðinu í gegnum tvíkrossinn #JeSuisCharlie. Það er ekki árás á tjáningafrelsið að gagnrýna birtingu hennar, né er það árás að gagnrýna það að birta hana ekki. Reykjavík vikublað er veraldlegt blað og af þeim sökum er forsíðan birt. Blaðið vill um leið vera málsvari allra. Það er eðlilegt að gagnrýna linnulaust tillitsleysi í garð jarðarsetts hóps, sem einnig verður itrekað fyrir árásum stjórnmálanna. Slík gagnrýni er hvorki árás á tjáningafrelsi né vestræn gildi, heldur þvert á móti æskileg og verðmæt.

á því hvað megi yfir höfuð tala um á Vesturlöndum,“ sagði hann í samtali í útvarpsþættinum Reykjavík síðdegis. Þá sagði hann þetta eiga við á Íslandi

en vert að benda á að spurningin var sett fram í samhengi við hugmyndir Ásmundar Friðrikssonar, þingmanns Sjálfstæðisflokksins, um að rannsaka

sérstaklega þá sem aðhyllast Islam á Íslandi. „Það er margt í okkar samfélagi sem minnir á þessa gagnrýni og þessa mikla umræðu sem nú er uppi um stöðu frjálsslyndis á Vesturlöndum. Það er að segja, það er eins og það sé alltaf að þrengjast ramminn um hvað megi ræða og rökræða sé meira að segja bönnuð um ákveðna hluti. Ég er svolítið hræddur um að þessir fulltrúar stjórnarandstöðunnar sem voru að spyrja út í þessa hluti í gær, ég er svolítið hræddur að þeir sjái fyrir sér að ramminn þrengist frekar heldur en opnast,“ sagði Sigmundur. Skilaboðin eru skýr: Gagnrýni er takmörkun á tjáningafrelsinu og hættuleg sem slík.

Framsókn og tjáningafrelsið

Sigmundur Davíð hefur ekki talað jafn sterkt gegn hegðun Vigdísar Hauksdóttur, þingkonu flokksins og formanns fjárlaganefndar, sem þrengdi all verulega ramma tjáningar þegar hún veifaði niðurskurðarhnífnum yfir RÚV á sama tíma og hún sagðist ósátt við fréttaplutning stofnunarinnar. Slíkt þrengir í verki ramma þess sem má ræða. Stöðugar árásir stjórnarliða á fjölmiðla og kall eftir sértækum aðgerðum til að þagga í gagnrýni hefur hingað til ekki fengið ráðherra til að vitna til hugmynda um Overton-rammans. Hann hefur hins vegar gripið til slíkra samlíkings þegar eigin störf eru gagnrýnd.

Siðferði, félagslegt taumhald og takmarkanir

Samstaða er alla jafna talin dyggð í íslensku samfélagi þótt vissulega telji sumir þá dyggð njóta minna fylgis en

áður. Fjöldi dæmi eru um að hið félagslega taumhald takmarki tjáningu hér á landi. Á því eru ýmsar skoðanir en nefna má að þegar snjóflóðin á Flateyri og Súðavík féllu var lögð sérstök áhersla á að birta ekki myndir af hinum látnu. Vefpressan birti í lok ársins 2011 mynd af stúlku sem sakaði Egil Einarsson 'Gillz' um nauðgun. Myndin var tekin niður eftir holskeflu af gagnrýni og reiði. María Lilja Þrastardóttir blaðakona sagði nýlega frá því að á Fréttablaðinu hafi hún ekki fengið að birta umfjöllun um ruslpóst vegna þess að það þótti óheppilegt í ljósi þess að Fréttablaðið er - eins og Reykjavík vikublað - borið óumbeðið inn á heimili fólks. Hér eru dæmi um sjálfsritskoðun eða takmarkanir vegna taumhalds eða hagsmuna. Efnislega er niðurstaðan sú sama og ef um væri að ræða lagalegar takmarkanir en þó er mikill munur á þessu tvennu. Dæmi um lagalegar kvaðir á tjáningu á Íslandi eru afar harkaleg meidryðalöggjöf sem itrekað er gagnrýnd af Mannréttindadómstólum. Furðulegasta dæmið um slíkt er líklega dómurinn gegn Þórbergi Þórðarsyni rithöfund, árið 1934, en hann var dæmdur fyrir að smána Hitler. Þá er hægt að krefjast lögbanns á umfjöllun um ákveðin mál. Það var til að mynda gert árið 2009 þegar RÚV gat ekki fjallað um risavaxnar lánaþyrngreiðslur Kaupþings til fyrirtækja eigendahóps bankans. Þess í stað fjallaði RÚV um lögbannið og benti til Wikileaks þar sem lesa mátti lánabók bankans.



SJÁVARTENGD NÝSKÖPUN

Hagnýtt meistaranám um gæði hafsins

Tvö opin vettvangsnámskeið á sunnanverðum Vestfjörðum í vor

Bláa hagkerfið er löngu hætt að snúast aðeins um veiðar og vinnslu. Á Vestfjörðum hefur fiskeldi t.d. rutt sér til rúms og í notkun þangs, þara og annarra nytja stranda leynast möguleikar fyrir atvinnulíf framtíðarinnar. Aukin verðmæti skapast oft með því að tengja bláa hagkerfið við það græna.

Í vor býður Háskóla Vestfjarða upp á tvö vettvangsnámskeið á sunnanverðum Vestfjörðum um nýsköpun í fiskeldi og nýsköpun í nýtingu hafsins. Námskeiðin njóta góðs af nálægð við atvinnulíf tengt viðfangsefnunum og eru fyrirtækjaheimsóknir hluti af náminu.

Nemendur fá innsýn í möguleika og áskoranir fiskeldis í köldum sjó í fyrra námskeiðinu, en í því síðara verður athygli beint að nýsköpun í sjálfbærri nýtingu auðlinda strandsvæða. Í lok hvors námkeiðs vinna nemendur að viðskiptaáætlun fyrir nýsköpunarverkefni að eigin vali.

Nýsköpun í fiskeldi

Lengd: 1 vika (2 ECTS) - 21.03.2015 - 27.03.2015
Staður: Tálknafjörður
Tungumál: Enska og íslenska (viðskiptaáætlun)
Verð: 10.000 kr.

Nýting hafsins – nýsköpun og sjálfbærni

Lengd: 1 vika (2 ECTS) - 28.03.2015-03.04.2015
Staður: Reykhólar
Tungumál: Enska og íslenska (viðskiptaáætlun)
Verð: 10.000 kr.

Frekari upplýsingar um námsleiðina:
www.uwestfjords.is

Frekari upplýsingar um námskeiðin veitir:
Peter Weiss, forstöðumaður Háskólaseturs,
nyskopun@uwestfjords.is

Í samstarfi við: Háskólinn á Akureyri Nýsköpunarmiðstöð Íslands
Styrkt af: Sóknaráætlunum landshlutanna

UMFJÖLLUN

Skortir starfsfólk í brjóstakrabbameinsleit

Krabbameinsfélagið hefur biðlað til röntgenlækna við Landspítalann um aðstoð við krabbameinsleit í brjóstum, vegna mannekle. Landspítalinn hefur ekki getað orðið við beiðninni sökum sama vanda. Þjónustunni hefur verið haldið úti af Krabbameinsfélaginu frá árinu 1987.

Pétur Hannesson, yfirlæknir á röntgendeild Landspítalans staðfestir að beiðni hafi borist frá Krabbameinsfélaginu í desember. Hann segir jafnframt að ekkert svigrúm hafi þó gefist til þess að fara yfir málið sökum nýafstaðinna verkfalla.

Óvíst með framhaldið

Rannsóknarsvið röntgenlækna hjá Krabbameinsfélaginu er tvíþætt. Annars vegar er um hefðbundna brjóstaskimun eða myndatöku að ræða eða „hóp-leit“, eins og það er gjarnan kallað þar

er leitað að merkjum um sjúkdóminn hjá einkennalausum konum.

Hinsvegar eru það svo klínískar rannsóknir og meðhöndlun á hnúðum eða bólgum sem kunna að finnast í skimuninni eða hópleitinni. Þær miða að því að fá nákvæma greiningu með segulómun, blóðsýni eða beinaskann þegar grunur vaknar um brjóstakrabbamein.

„Það hefur verið leitað til okkar með klíníska þáttinn, já. En hjá okkur er enginn mannskapur til að takast á við þetta eins og staðan er í dag. Það verður því úrlausnarefni að fá fólk til að vinna þetta, líkt og reyndar með flest störf inni á spítalanum,“ segir Pétur í samtali við Reykjavík vikublað.

Komið að þölmörkum

Hann segir jafnframt að of snemmt sé að segja til um hvort nýir kjarasamningar komi til með að styrkja stöðu röntgenlækna svo hægt verði að taka inn og sinna fleiri verkefnum innan röntgendeildarinnar. Frekara álag á starfsfólk muni fyrst og fremst koma niður á þeim fjölmörgu skjóstæðingum sem deildin sinnir dag hvern. Nú þegar sé röntgendeild Landspítalans komin að þölmörkum.

„Staðan eins og hún er núna, er þröng. Við fengum beiðnina hingað í desember en höfum ekki haft neitt svigrúm til þess



Kristján Oddsson.



Pétur Hannesson.

að takast á við verkefnið ennþá. Svo það er eiginlega ómögulegt að segja til um hvernig þetta fer. Það breytir því þó ekki að konur munu koma til með að finna hjá sér hnúta og þetta er því mál sem verður að leysa hratt og vel. Og með samstarfi allra aðila,“ segir Pétur.

Fá lánaðan lækni frá Hollandi

Strax nú á vormánuðum mun annar tveggja starfandi röntgenlækna Krabbameinsfélagsins fara á eftirlaun og því er ljóst að lítil tími er til stefnu.

Fari sem fram horfir mun þjónustan því, líkt og áður sagði, óneitanlega skerðast og bið eftir klínískri greiningu lengjast umtalsvert. Kristján Oddsson, yfirlæknir hjá Krabbameinsfélaginu segir stöðuna vissulega flókna en hann er þó bjartsýnn á að starfsmanna vandinn leysist áður en það fari að bitna verulega á konum í krabbameinsleit.

Tafla 1:

Krabbameinum kvenna raðað eftir árlegum meðalfjölda 2008 - 2012

209	Brjóst
83	Lungu
46	Ristill
43	Húð án sortuæxla
27	Legbolur
26	Sortuæxli í húð
2	Heili og miðtaugakerfi
21	Skjaldkirtill
21	Nýru

Tafla 2:

Brjóstakrabbamein á Íslandi 2008-2012	Karlar ♂	Konur ♀
Meðalfjöldi tilfella á ári	2	209
Hlutfall af öllum meinum	< 1%	29,7%
Meðalaldur við greiningu	63 ár	61 ár
Meðalfjöldi látinna á ári (2005-2009)	0-1	39
Fjöldi á lífi í árslok 2012	23	2.684

Textaefni úr bókinni Krabbamein á Íslandi 2012

María Lilja Prastardóttir



Gríðarleg fækkun hefur verið í stétt röntgenlækna síðustu ár og greint hefur verið frá því áður að fækkunin nemi um þriðjung frá árinu 2008. Það ár voru starfandi Röntgenlæknar við Landspítalann tuttugu talsins en nú eru þeir tólf. Störf röntgenlækna felast meðal annars í framkvæmd geislarannsóknna, gerð röntgenmynda, segulómgreininga, tölvu-sneiðmynda ásamt ómranisóknum.

En hverju sætir?

Röntgenlæknar eru afar sérhæfðir, líkt og svo margar aðrar heilbrigðisstéttir. Röntgenlæknar sem halda utan í sérnám hafa verið að skila sér afar illa til baka. Þeir læknar sem koma heim eru svo aftur ekki að skila sér inn á spítalann. Stór hluti þeirra starfar innan einkageirans. Þá er einnig komin upp ný staða innan stéttarinnar í ljósi þess að margir kjósa að starfa við svokallaða fjargreiningu. Líkt og nafnið gefur til kynna er þar um að ræða greiningar í gegnum vefinn og geta læknarnir sem þetta kjósa, starfað utan spítalanna og í raun hvar sem þeim hentar. Þetta hefur því tekið nokkurn toll.

„Nú þegar þiggjum við aðstoð frá lækni á Domus Medica auk þess sem við njótum stundum liðsinnis læknis, Íslandsvinar frá Hollandi. Það er samt ekkert leyndarmál að við þurfum manneskju í fullt starf ef þjónustan á að haldast óbreytt og eins og best verður á kosið,“ segir Kristján.

Mikilvæg þjónusta sem ekki má skerða

Brjóstakrabbamein er algengasta krabbamein kvenna en á ári hverju greinast allt að 220 konur með meinið hér á landi. Boðið hefur verið uppá brjóstaskimun, til forvarna, hjá Krabbameinsfélaginu fyrir konur yfir fertugt frá árinu 1987 og hefur dánartíðni lækkað um tæp tuttugu og fimm prósent á þeim tíma.

Þrátt fyrir að næmi og sértæki sé alls ekki fullkomið við skimun er hún þó af flestum talin mikilvægur þáttur í baráttunni við brjóstakrabbamein.

„Þessi leit og rétt úrvinnsla á upplýsingum getur stuðlað að því að meinið uppgötvast fyrr og er þar af leiðandi meðhöndlað fyrr. Þannig getum við stóraukið lífslíkur,“ segir Kristján og bætir við að mikilvægt sé því að lausn finnist sem fyrst.

Tilboð á öllum gerðum sængum og koddum út janúar

DÚN & FIDUR

Laugavegi 86 101 Reykjavík S. 511 2004 www.dunogfidur.is

Þrif ehf

SÍMI 89 89 566

www.þrif.is / www.thrif.net
netfang: thrif@centrum.is

Þjóðum sérhæfða þjónustu fyrir íbúðir sem eru í skammtímaleigu

Einkarekið Apótek

Lágt lyfjaverð - góð þjónusta

GARÐS
APÓTEK

- rétt leið

Sogavegi við Réttarholtsveg

Opíð kl. 9-18 virka daga • Sími 5680990 • www.gardsapotek.is

NÁMSKEIÐ SEM GEFA RÉTTINDI UM GJÖRVALLA EVRÓPU

ÖLL ÖKURÉTTINDI - ÖLL VINNUVÉLARÉTTINDI



Skjót leið



www.meiraprof.is

til starfsmenntunar
Skapaðu þér **pitt eigið góðæri**



NÝI
ÖKUSKÓLINN

KLETTAGÖRÐUM 11 (ET-HÚSINU) - 104 REYKJAVÍK - SÍMAR: 588 4500 - 822 4502

www.meiraprof.is - rektorinn@gmail.com

ÁL-SUDA

Ryðfrí stál - ál - og járnsmíði
Nýsmíði og viðhald fyrir fiskvinnslur og fiskiskip.
Áratuga reynsla.

MANNBERG

Vélsmiðja sími 564 2002
Akralind 1 - 201 Kópavogi - mannberg@mannberg.is

BAKSÍÐAN

Magnús Sveinn
Helgason



Ógnin af ímynd- uðum vanda

Á miðvikudaginn var skrifaði Jónas Kristjánsson, bloggari og fyrrverandi ritstjóri, stuttan pistil um „múslimavandann“ hér á landi. Taldi Jónas þetta þó vera „hóflegt“ vandamál, sem kallaði ekki á „gyðingaofsóknir“ eða njósnir. Í annarri færslu tók Jónas líka fram að óþarfi væri að múslimar væru látnir ganga með „ígildi gyðinga-stjörnu“.

Engu að síður fullyrti hann að ástæða væri til að skilyrða ríkisborgararétt múslima sérstaklega með því að múslimar gæfu sérstaka yfirlýsingu um að þeir „skilji, að veraldlegt þjóðfélag hefur sumpart önnur gildi en Kóransins“. Slíkur hollustueiður væri skynsamlegt viðbragð við „múslimavandanum“ og nauðsynlegur því „Íslam er ófriðlegri en önnur trú“, og alveg „sér á parti“. Ólíkt öðrum trúarbrögðum, sem „halda friðinn hver við önnur“.

Af þessu leiddi að „hafa [þurfi] gætur á múslimum“.

Aðspurður gat Jónas reyndar ekki nefnt nein dæmi um ógnina sem stafaði af múslimum hér á landi. Enda eru engin slík dæmi til og engin ástæða til að ætla að þau komi fram. Það dugar ekki að visa til reynslu annarra þjóða.

Eins og Gunnar Smári Egilsson benti á í færslu á Facebook:

„Þótt útvíðar buxur, bítlalög og órímuð ljóð hafi ratað til Íslands er það alls ekki svo að allt sem gerist í heiminum berist á endanum til Íslands. Það er ekki einu sinni svo að allt sem hugsað er í heiminum sé líka hugsað á Íslandi.“

Því miður hefur önnur birtingarmynd „múslimavandans“ borist hingað til lands, og það er móðursýkisleg hræðsla við vandamál, sem ekki er til staðar, og andlýðræðislegar hugmyndir um lausnir á því. Nægir að benda á vangaveltur Jónasar um hollustueiða eða hugmyndir Ásmundar Friðrikssonar um njósnir á múslimum. Stofnun útíbús evrópsku ófgasamtakanna PEGIDA á Íslandi er svo annað dæmi.

Þegar upp er staðið, stafar íslensku samfélagi mun meiri ógn af þeirri þróun en „Íslam-væðingu“, sem engin merki eru um hér á landi.



Eir á dag

KEMUR HEILSUNNI Í LAG



ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA LITLAR TÖFLUR SYKURLAUST

SJÁ NÁNAR Á VÍTAMÍN.IS : FÆST Í APÓTEKUM UM LAND ALLT